



**ORKUSTOFNUN**  
Vatnsorkudeild

Árni Hjartarson

# **VATNSVEITUR OG VATNSBÓL**

## **Samantekt um vatnsveitumál**

**OS-93061/VOD-04**

Reykjavík, ágúst 1994



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 510 965

**Árni Hjartarson**

# **Vatnsveitur og vatnsból**

**Samantekt um vatnsveitumál**

**OS-93061/VOD-04**

**Önnur útgáfa**

**Reykjavík, ágúst 1994**

Upphaflega skrifað sem ritgerð í námskeiði til meistaragrádu við Háskóla Íslands vorið 1993 undir handleiðslu Sigurðar Reynis Gíslasonar. Ritgerðin hét Vatnsból og vatnsveitir á Íslandi og birtist hér með nýjum titli og örlistið breytt.

ISBN 9979-827-30-0

## EFNISYFIRLIT

Bls.

1. INNGANGUR . . . . .	5
2. ALMENNT UM VATNSVEITUR OG VATNSBÓL . . . . .	6
2.1 Skilgreiningar . . . . .	6
2.2 Vatnsþörf . . . . .	6
2.3 Jarðfræði vatnsbóla . . . . .	10
2.4 Grunnvatnshiti . . . . .	12
2.5 Dýpi á grunnvatn . . . . .	13
2.6 Jarðtækni . . . . .	13
2.7 Ending safnlagna og borhola . . . . .	17
2.8 Vatnshreinsun . . . . .	17
2.9 Vatnsvernd . . . . .	18
3. VATNSVEITUR MEÐ YFIR 1000 MANNS Á VEITUSVÆÐINU . . . . .	19
4. EFNAINNIGHALD NEYSLUVATNS . . . . .	39
5. ÚTFLUTNINGUR Á ÍSLENSKU VATNI . . . . .	44
6. HEIMILDIR . . . . .	45
7. ENGLISH SUMMARY . . . . .	50

## TÖFLUSKRÁ

Tafla	Bls.
1. Vatnsnotkun á fbúa	7
2. Vatnsfrekar atvinnugreinar	8
3. Vatnsnotkun á Íslandi 1992	8
4. Jarðfræðileg gerð vatnsbóla	12
5. Jarðmyndanir og gerð vatnsbóla	13
6. Vatnsnotkun í Vestmannaeyjum	30
7. Vatnsveitur með yfir 100 manns	36-38
8. Efnainnihald drykkjarvatns	42
9. Evrópskir og bandarískir neysluvatnsstaðlar og íslenskt útflutningsvatn	44

## MYNDASKRÁ

Mynd	Bls.
1. Vatnsveita, einföld skýringarmynd	6
2. Vatnsþörf íslenskra þéttbýlisstaða	9
3. Línurit um vatnsþörf	9
4. Lekt jarðlaga á Íslandi	10
5. Afrennsli lindavatns af Íslandi	11
6. Brunnur	14
7. Safnlagnir	15
8. Borhola	16
9. Vatnsveita Reykjavíkur, kort.	19
10. Árangur lekaleitar í Reykjavík	20
11. Vatnsöflun af húsþaki	29
12. Lágasvæði norður af Grindavík	32
13. Vatnsveita Suðurnesja, yfirlitsmynd	34
14. Klórðóinnihald í grunnvatni	40

## 1. INNGANGUR


Rit þetta fjallar um vatnsból og vatnsveitur þéttbýlisstaða á Íslandi. Áherslan er lögð á vatnsþörf byggðarlaga og vatnajarðfræðilega þætti svo sem jarðfræðilega gerð vatnsbóla og aðliggjandi svæða, afkastagetu þeirra og efnainnihald vatnsins. Minna er fengist um tæknilega útfærslu þótt lítillega sé rætt um frágang brunna og borhola. Lítið er fjallað um dreifbýlisveitur og einkaveitur. Afkastamikil vatnsból nokkurra fiskeldisstöðva verða útundan í þessari umfjöllun.

Aðgangur að góðu neysluvatni er ein af mikilvægustu forsendum hvers byggðarlags. Undirstöðuatuvinnevirgir þjóðarinnar, fiskiðnaður, landbúnaður og ýmis iðnaður þurfa vatn í verulegum mæli. Fyrstu vatnsveitur á Íslandi með nútímasniði voru gerðar laust fyrir sfsustu aldamót. Frumherjinn var Pétur J. Thorsteinsson á Bláfjalldal sem léti leiða vatn í hús sín og fram á bryggju árið 1885. Otto Wathne lagði vatn í sbúðarhús sitt á Seyðisfirði 1895 og sama ár léti Árni Jónsson verslunarstjóri á Ísafirði leggja vatnspípur frá Kirkjubólshlíð og niður í fjöru í Neðstakaupstað. Fleiri einstaklingar komu í kjölfarið. Vatnsveitur hafa oft verið fyrstu meiriháttar framkvæmdir sem bæjarfélög hafa ráðist í. Ísafjarðarkaupstaður reið á vaðið en þar var vatnsveita tekin í notkun aldamótaárið 1900. Seyðfirðingar lögðu vatnsveitu 1903, Hafnfirðingar 1904 og Reykjavíkingar 1909 (Lýður Björnsson 1979).

Fyrstu boranir eftir köldu vatni hérlendis voru gerðar í Reykjavík árið 1904. Gömlu brunnarnir sem notaðir höfðu verið fram að því, voru hættir að anna vatnsþörfum bæjarbúa og fullnægðu auk þess ekki þeim kröfum sem menn voru farnir að gera til neysluvatns. Borað var í tagli Öskjuhlsðar niður undir Vatnsmýri. Verkið bar ekki tilætlaðan árangur. Hins vegar þóttust menn verða varir við gull og gullæði greip um sig í Reykjavík. Það er önnur saga. Óbeinn árangur borananna reyndist þó gulli betri því þær opnuðu augu manna fyrir möguleikum á nýtingu jarðhitans í hitaveitu (Knud Zimsen 1952). Holurnar í Vatnsmýri urðu tvær eða þrjár. Vatnsmagnið var það lítið að ekki þótti svara kostnaði að virkja þær heldur var talinn betri kostur að leggja leiðslu upp í Gvendarbrunna.

Eftir ævintýrið í Vatnsmýrinni varð langt hlé á borunum eftir köldu vatni. Þær hófust ekki aftur fyrr en á stríðsárunum seinni. Bandaríkska setuliðið boraði þá nokkrar grunnar holur í búðum sínum á Suðurnesjum og í nánd við Reykjavík. Í stríðslok eignuðust Íslendingar two af þessum borum og hófu þegar boranir með þeim. Fyrst var einkum borað eftir köldu vatni fyrir kauptún og sveitabæi en er á leið urðu jarðhitaboranir æ fyrirferðameiri (Porgils Jónasson 1989).

Ástand neysluvatnsmála á Íslandi hefur jafnan verið gott miðað við kröfur hvers tíma og í samanburði við önnur lönd. Það stafar af því að frá náttúrunnar hendi er er landið vatnsrékt, vatnsöflun viðast auðveld og vatnsgæði þokkaleg. Í dag er staðan sú að flestar almenningsvatnsveitur standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til neysluvatns, enda stefnir vatnsútlutningur í að verða mikilvæg útlutningsgrein.



Mynd 1. Vatnsveita, einföld skýringarmynd.

## 2. ALMENNT UM VATNSVEITUR OG VATNSBÓL

### 2.1 Skilgreiningar

Áður en lengra er halddið þarf að skilgreina hvað átt er við með orðunum neysluvatn, vatnsból og vatnsveita.

*Neysluvatn* (nytjavatn) er allt það vatn sem notað er til neyslu í upphaflegu ástandi sínu eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna, hvort sem það er ætlað til drykkjrar eða það er notað til matvælavinnslu, s.s. við framleiðslu, meðhöndlun, geymslu eða markaðssetningu á vörum eða efnum sem ætluð eru til manneldis og hefur áhrif á hollustu matvæla í endanlegri gerð þeirra (Stjórnartöldi EB 1980, 12, orðalagið lítið eitt lagfært).

*Vatnsból* er staður þar sem vatn er tekið til neyslu eða annarrar nýtingar. Í sinni viðustu merkingu á það bæði við vatnstekju manna og dýra. Vatnsból getur verið staður við fallvatn eða stöðuvatn þar sem vatn er numið, lind, gjá, brunnur, safnlögn eða borhola. (Skilgr. ÁH).

*Vatnsveita* er umbúnaður við vatnsból, lagnir frá því, hreinsunarþúnaður (þar sem hans er þörf), miðlunarmannvirki og dreifikerfi að inntaki neytenda (mynd 1). Íveitur teljast hluti af vatnsveitu þar sem þær eru til staðar. (Skilgreining ÁH. Sjá einnig Lög um vatnsveitur sveitarfélaga 1991 (Stjórnartöldi A12-1991) og Frumvarp til laga um verndun nytjavatns).

### 2.2 Vatnsþörf

Vatnsþörf einstaklinga, bæjarfélags eða atvinnurekstrar er teygjanlegt hugtak. Vatnsþörfin er breytileg frá einum tíma til annars, minni á nöttunni en á daginn, minni um helgar en á virkum dögum, minni í gæftaleysi en þegar vel veiðist o.s.frv. Vatnsþörfin getur líka verið breytileg milli einstaklinga og bæjarfélaga og fer það eftir því hvort menn hafa vanið sig á sóun eða sparnað og ekki síður eftir því hvað menn umbera mikinn leka í dreifikerfinu. Ef lekinn er innan við 10% telst ástandið gott. Ef miðlunartankurinn er botnlaus er lekinn 100% og vatnsþörfin óendenleg. Fæstir umbera það.

Tafla 1. Vatnsnotkun á íbúa.

Heildarnotkun		Heimilisnotkun	
Reykjavík o.nágr.	660 l/fb./dag	Reykjavík	300 l/fb./dag
Akureyri	720 l/fb./dag	Þýskaland	170 l/fb./dag
Sauðárkrúkur	830 l/fb./dag	Bretland	210 l/fb./dag
Dalvík	1150 l/fb./dag	Svíþjóð	220 l/fb./dag
		Bandarskin	300 l/fb./dag

(Heimildir: Þórólfur H. Hafstað 1992, Jón Ingimarsson og Þóroddur F. Þóroddsson 1976, Todd 1970).

Ýmsir, bæði verkfræðingar, jarðfræðingar og leikmenn, hafa fengist við að reikna út vatnsþörf byggðarlaganna í landinu. Aðferðirnar eru fjölbreytilegar og engin viðurkennd formúla til. Þórólfur H. Hafstað (1992) segir að einfaldasta áætlun um vatnsþörf sé að það þurfi um 1 l/s fyrir hverjar 100 manneskjur í byggðarlagi. Hér er átt við kalt neysluvatn. Þessi regla, sem er fyrsta nálgun, gerir ráð fyrir að línulegt samband sé á milli fólksfjölda og vatnsþarf. Þórólfur undirstrikar að svo einfalt sé málið ekki í reynd, a.m.k. ekki á Íslandi. Heildarnotkunin hjá Vatnsveitu Reykjavíkur er minni en þetta en í smærri sjávarplássum út um land er notkunin meiri. Eyðslan á mann virðist vera í öfugu hlutfalli við mannfjöldann í byggðarlaginu. Ástæðan er sú að í minni þarf iðnaðurinn hlutfallslega meira vatn en í hinum stærri, sbr töflu 1.

Önnur aðferð til að meta raunverulega vatnsþörf byggðarlags er að gera úttekt á neytendum, athuga fyrst hvað þarf fyrir íbúana og bæta síðan stærri notendum ofan á í samræmi við töflu 2. Síðan má auka 25% við til að sjá við leka og vatnstapi og smyrja svo öðrum 25% á til framtíðarþarfa og til að mæta árstíðabundnum notkunarsveiflum.

Þriðja aðferðin til að meta vatnsþörf tiltekins byggðarlags er að setja upp ferilinn vatnsþörf/íbúafjöldi. Mynd 3 sýnir slíkan feril. Þar eru valdir nokkrir þéttbýlisstaðir sem haldgöðar upplýsingar eru til um. Punktalínan sýnir notkunina 1 l/s/100 fb. en sveigða línan meðal ársnotkunina í þessum bæjarfélögum. Með því að nota þetta línurit er hægt að áætla vatnsþörf tiltekina staða. Við getum til dæmis séð að 4000 manna byggðarlag á að sleppa vel með 60 l/s að meðaltali á ársgrundvelli en 8000 manna veitusvæði þarf 90-100 l/s. Myndin sýnir einnig mun þeirra staða þar sem vatnssparnaður er mikill og lítil. T.d. er helnings munur á vatnsþörf Akraness og Vestmannaeyja. Staðirnir eru þó álska stórir. Vatnsveita Reykjavíkur er ekki höfð með á línuritinu því hún er svo miklu stærri en allar aðrar vatnsveitur að hún sprengir skala myndarinnar.

Í töflu 1 sést síðarhringsþörf fjögurra misstórra byggðarlaga. Þar kemur fram að vatnsþörf Vatnsveitu Dalvíkur er nær helmingi meiri á mann en hjá Vatnsveitu Reykjavíkur. Þetta stafar einkum af því að Dalvíkingar stunda vatnsfrekar frumframleiðslugreinar, fiskiðnað og búfjárlátrun en Reykvíkingar ástunda hinsvegar hlutfallslega miklu meiri iðnað og þjónustu sem ekki krefst eins mikils vatns.

Vatnsþörf í íbúðarhverfum er mun minni á mann en heildarnotkunin gefur til kynna. Þetta hefur verið áætlað í Reykjavík. Þar er miðað við að til heimilis, minni háttar atvinnurekstrar og þjónustu, séu notaðir að meðaltali 250 l/fb./síðarhr. Við þetta bætist síðan vatn Hitaveitunnar ca 50 l/fb./síðarhr. og er þá ekki reiknað með vatni til upphitunar. Samtals gera þetta 300 l/fb./síðarhr. (Jón Ingimarsson og Þóroddur F. Þóroddsson 1976) Með samanburði við töflu 1 sést að 250 l/s eru 38% af heildarvatnstökum kalds vatns á íbúa. Afgangurinn, 62%, fer í stórnottendur og leka. Í sömu töflu sést að vatnsþörf heimilanna er ívið meiri hér lendis en í nágrennalöndun-

**Tafla 2. Vatnsfrekar atvinnugreinar.**

Heiti	Eining	Magn	Aths.
Fiskiðjuver	l/tonn afurða	5000	Án frystingar
Frysting	l/tonn afurða	15000-20000	Iðnaðarvatn
Sláturnhús	l/grip	300-400	
Mjólkurbú	l/l mjólkur	4-5	
Ölgerð	l/l öls	15-20	Með kælingu
Steypustöð	l/m <sup>3</sup> steypu	160-170	
Laxeldi	l/kg seiði/mín	0,27	Við 7,5 °C
Silungseldi	l/kg fisk/mín	0,2	
Gróðurhús	l/m <sup>2</sup> /dag	16	
Kýr	l/dag	70	
Hestar	l/dag	50	
Ær	l/dag	6-8	
100 hænur	l/dag	35-40	
Bændabýli	l/fb./dag	300-400	
Járnblendiverksmiðjan	l/s	15	Hámarksnotkun
Álverið	l/s	300	Hámarksnotkun


(Heimildir: Jón Ingimarsson og Þóroddur F. Þóroddsson 1976. Munnl. uppl. frá Haraldi Árnasyni, ráðunaut Búnaðarsambands Íslands, Jónasi Jónassyni, Veiðimálastofnun, Sveinbirni Sigurðssyni, Ísl. Álfelaginu og Guðlaugi Hjörleifssyni, Ísl. Járnblendifélaginu).

um en ámota og hún er að meðaltali í Bandarskjunum.


Vatnsþörf í fiskeldi er mikil vísindagrein og ræðst af ótal þáttum s.s. fisktegund, fiskstærð, hitastigi, súrefnisinnihaldi, straumhraða, seltu og fóðrun. Ekki verður farið út í þá sálma hér en þó má gera ráð fyrir að vatnsnotkun í fiskeldi sé af svipaðri stærðargráðu og heildarvatnsnotkunin í almenningsveitum. Tafla 3 sýnir að rúmlega 1% af aðgengilegu grunnvatni er nýtt. (Valdimar Gunnarsson 1987 og 1988 og Freystein Sigurðsson 1988).

**Tafla 3. Vatnsnotkun á Íslandi 1992.**

Almannaveitur	2,6 m <sup>3</sup> /s	Vatnsnotkun á almannaveitum og stóriðju er fengin úr töflu 7, í einkaveitum er hún reiknuð út frá uppl. Bún.fél.Ísl. um vatnsþörf í landbúnaði og í fiskeldi er hún reiknuð út frá upplýsingum Veiðimálastofnunar um vatnsþörf í fiskeldi og framleiðslu fiskeldisstöðva 1992.
Fiskeldi	2,1 -	
Stóriðja	0,3 -	
Einkaveitur	0,2 -	
Alls	5,2 -	
Heildarfrennsli grunnvatns	1000 m <sup>3</sup> /s	Heildarmagn grunnvatns er frá Freysteini Sigurðssyni munnl.uppl. Taflan sýnir að rúml. 1% af aðgengilegu grunnvatni landsins er nýtt.
Par af í byggð	400 -	



Mynd 2. Vatnshörf nokkurra þéttbýlisstaða (sjá skýringar við mynd 3).




Mynd 3. Línurit um vatnshörf. Myndin er byggð á reynslutölum frá 17 vatnsveitum (tafla 7). Efri myndin sýnir þá staði sem um er að ræða. Neðri myndin sýnir sömu punkta og sú efri en þar eru dregnar inn viðmiðunarlinur. Beina punktalínan sýnir vatnshörf sem samsvarar 1 l/100 íb. Þogna heildregna línan er reiknuð meðalnotkun íslenskra þéttbýlisstaða. Þar kemur fram að vatnsnotkun á mann minnkar hlutfallslega með stærð staðanna. Myndina má nota til að áætla vatnshörf ákveðinna staða. Þar sést t.d. að fjögur þúsund manna staður sleppur vel með 50 l/s af vatni. Reiknað er með að um góða miðlun sé að ræða. Jafna ferilsins er:

$$y = 13,5x - 0,32x^2$$

$$x = \text{þúsundir íbúa}$$

$$y = l/s$$




*Mynd 4. Lekt jarðlaga á Íslandi (Kristján Sæmundsson 1990).*

### 2.3 Jarðfræði vatnsbóla

Ísland er vatnsrækt land, bæði af yfirborðsvatni og grunnvatni, úrkoma er mikil og raki berst stöðugt að með lægðum þeim sem koma inn yfir landið í endalausri röð suðvestan úr höfum. Úrfellið fer yfir 4000 mm/ár á jöklunum við suðurströndina en þar sem úrkoman er minnst, í regnskuggannum norðan Vatnajökuls, er hún undir 400 mm /ári (Adda Bára Sigfusdóttir 1965). Uppgufun af landi er fremur lítil svo megnið af vatninu skilar sér til sjávar með vatnsföllum og grunnvatnsstraumum. Meðalafrennsli af flatareiningu er 55 l/s km<sup>2</sup> og mun það með því hæsta sem gerist í Evrópu. Meðalafrennsli af landinu öllu er 5000-6000 m<sup>3</sup>/s (Sigurjón Rist 1956). Þekkt lindarennslí frá helstu lindasvæðum landsins er 680 m<sup>3</sup>/s að meðaltali (mynd 5). Að auki eru fjölmörg smærri lindasvæði sem ekki hafa verið mæld eða könnuð sérstaklega og önnur sem dyljast í árfarvegum og við strönd yfirflotin af vatni og sjó. Freysteinn Sigurðsson (pers. uppl.) hefur áætlað að lindarennslí af landinu öllu sé nálægt 1000 m<sup>3</sup>/s (sbr. einnig mynd 5).

Mikill munur er á rennslisháttum vatnsins eftir landshlutum og þar ræður jarðfræðin mestu um (mynd 4). Á blágrýtissvæðunum (tertíera staflanum) er berggrunnurinn vísast hvar héttur. Úrkoman rennur mestmegnis af á yfirborðinu. Grunnvatnsstraumar í berggrunninum eru smáir og lindir að sama skapi litlar eða oftast minni en 10 l/s. Á Vestfjörðum eru allstórar svæði þar sem blágrýtisstaflinn er tiltölulega lekur. Þar fyrirfinnast lindir á stærðarbilinu 10-100 l/s. Sums staðar þekja vísáttumikil, lek, laus jarðög berggrunninn svo sem á söndum, áreyrum og í framhlaupum.



**Mynd 5.** Afrennsli lindavatns af landinu. Myndin sýnir helstu lindasvæði á landinu. Stór hringur táknað að þau gefi meira en  $5 \text{ m}^3/\text{s}$  en líttill hringur að þau gefi  $1-5 \text{ m}^3/\text{s}$ . Tölurnar við ströndina sýna hversu mikil af lindavatni berst til sjávar af einstökum vatnasvæðum. Skyggðin svæðin eru afrennslislaus á yfirborði. Mest er af lindavatni í Ölfusá um  $200 \text{ m}^3/\text{s}$ . Í heild er mælt og þekkt lindavatnsfrennsli af landinu öllu um  $680 \text{ m}^3/\text{s}$ . Inn í þessa tölu vantar lindavatn frá óþekktum eða lítt athuguðum lindasvæðum svo heildarfrennsli lindavatnsins er lklega nærrí  $1000 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Á grágrýtis og móbergssvæðunum þar sem berggrunnur er frá kvarter skiptir nokkuð í tvö horn um lekt og grunnvatnsstrauma. Eldra grágrýtið, árkvarteri staflinn, er vða þéttur og sver sig í ætt við tertíera staflann. Yngra grágrýtið og móbergið, síðkvarteri staflinn, er hins vegar lekur og stór lindasvæði eru í tengslum við hann. Lindir og lindasvæði á stærðarbilinu 100-1000 l/s eru algengar, og þar sem sprungur og sprunguskarar auka á lektina eru lindasvæði sem gefa af sér mörg þúsund lítra á sekúntu.

Hraun frá nútíma eru lekust allra jarðlaga sem hafa einhverja verulega útbreiðslu á Íslandi. Mikil hraunflæmi eru nánast afrennslislaus á yfirborði en við jaðra þeirra eru miklar lindir. Lindasvæði stærri en 1000 l/s eru algeng.

Víðáttumikil og vatnsrök laus jarðög er einnig að finna á kvarteru svæðunum en þar hafa þau minni þýðingu í vatnafarslegu tilliti en á tertíera svæðunum og hverfa í skuggann af hinum milku grunnvatnsstraumum berggrunnsins.

Vatnsból ráðast mest af jarðfræðilegum aðstæðum. Í stórum dráttum má skipa þeim í fimm flokka. Hverjum flokki má svo skipta í undirdeildir.

**Tafla 4. Jarðfræðileg gerð vatnsbóla.**

Jarðmyndun	Dæmi
Sprungusvæði	Reykjavík
Gjár	Grindavík
Hraun	Þorlákshöfn
Grágrýti	Mosfellsbær
Bólstraberg	Ólafsvík
Blágrýti	Þingeyri
Áreyrar	Neskaupstaður
Skriðuurð	Breiðalsvík
Jökulurð	Eskifjörður
Hreinsað yfirborðsvatn	Seyðisfjörður
Óhreinsað yfirborðsvatn	Ísafjörður

1. Á gosbeltum landsins og hraunasvæðum sækja flestar byggðir neysluvatn sitt til hrauna eða sprungusvæða.
2. Á grágrýtis- og móbergssvæðunum eru vatnsból oft í lindum sem koma úr vatnsgæfum jarðmyndunum í berggrunni ellegar í holum sem boraðar hafa verið í þær.
3. Á allstórum svæðum á Vestfjörðum þar sem tertíri staflinn hefur umtalsverða lekt fæst neysluvatn úr lindum sem spretta úr berginu og úr borholum í berggrunni. Á örfáun stöðum ðorum hafa verið gerð vatnsból sem nýta vatn úr blágrýtinu.
4. Þar sem berggrunnur er þéttur, svo sem tótt er á hinum tertíru svæðum landsins, Austfjörðum, Eyjafjarðarsvæðinu, vísá á Vestfjörðum og fleiri stöðum, er neysluvatn sótt til lausra jarðlaga svo sem í áreyrar, urðir, skriður og jafnvel jökulruðning (tafla 4).
5. Á örfáum stöðum er vatnsgæfar jarðmyndanir ekki að finna, hvorki í berggrunni né lausum jarðlöögum. Þar hefur orðið að grípa til hreinsunar á yfirborðsvatni. Einnig þekkist að menn láti sig hafa það að nota óhreinsað yfirborðsvatn í vatnsveituna (Freysteinn Sigurðsson o.fl 1985, 1988 og 1990).

Tafla 5 er byggð á upplýsingum úr töflu 7 hér aftar. Þar kemur fram að vatnsveitur taka vatn úr þrettán mismunandi tegundum jarðmyndana. Flestar eru í framhlaupum eða 13 alls. Næstar í röðinni eru áreyrar, hraun, og sprungur 12 hver. Mest vatnsmagn kemur úr sprungum. Í aftari dálki töflunnar er vatnsbólum skipt í 7 flokka. Lang algengasta gerð vatnsbóla á Íslandi eru virkjaðar lindir. Í töflunni er getið um 56 slískar. Borholur koma næstar og eru meira en helmingi færri eða 26. Þess ber þó að geta að yfirleitt eru margar borholur á hverju vatnsbólssvæði. Þótt afkastamestu vatnsból landsins tengist gjám og sprungum er meira vatn tekið úr borholum en öllum öðrum gerðum vatnsbóla samanlagt.

## 2.4 Grunnvatnshiti

Allir vilja að vatnið í kalda krananum sé bæði kalt og svalandi og þannig mun það vera í flestum vatnsveitum landsins. Hitastig stórra grunnvatnsstrauma er nálægt meðalárshita á vatnasviði þeirra, vísá 3-4°C, og sveiflast lítið milli árstíða. Í smærri grunnvatnsstraumum er árstíðasveiflan greinilegri og þar sem vatnsból er í nánum tengslum við yfirborðsvatn, t.d. þar sem dælt er úr áreyrum eða notast við hreinsistöðvar getur árstíðasveiflan verið frá 0 til 12°C eða meir.

**Tafla 5.** Veitar og vatnsból fyrir þéttbýli (byggt á töflu 7).

Veitar	Fjöldi	Vatnsbólsgerð	Fjöldi
Framhlaup	13	Lindasvæði	57
Móbergsmyndun	12	Borholur	26
Hraun	12	Síun	6
Sprungur	12	Brunnar	6
Áreyri	12	Safnlagnir	5
Yfirborðsvatn	10	Síun/geislun	3
Skriður	7	Gjár	2
Jökulurð	7		
Blágrýtisstaflí	6		
Grágrýti	5		
Jökulárset fornt	3		
Aurkeila	3		
Sjávarmöl	2		


Vfða verður vart upphitunar í grunnvatnsstraumum af völdum hás jarðhitastiguls og sblöndunar jarðhitavatns og á stöku stað hafa menn ekki úr öðru en jarðhitavatni að spila. Hitinn í vatnsbólum Vatnsveitu Reykjavíkur við Jaðar er um  $3,5^{\circ}\text{C}$ . Í krana neytandans er vatnið oft um  $5,5^{\circ}\text{C}$ . Vatnsból Mosfellssveitar og Mosfellsbæjar voru um langt árabil í Laxnesdýum á Mosfellsheiði. Þar var vatnshiti um  $14^{\circ}\text{C}$ . Á héraðsskólanum á Reykjanesi við Ísafjardardjúp var lengi notast við neysluvatn frá hverasvæðinu. Vatnsbólslindin var um  $80^{\circ}\text{C}$ . Þaðan var vatninu fleytt í opnu stokkakerfi sem minnti mest á laxastiga. Á leiðinni kólnaði það verulega en aldrei svo að það þætti virkilega svalandi.

## 2.5 Dýpi á grunnvatn

Mjög er misjafnt hversu djúpt menn þurfa að grafa eða bora til að komast í grunnvatn. Þar sem jarðlög eru þétt fylgir grunnvatnsborðið yfirborðinu í grófum dráttum. Þar er jafnan fremur grunnt á vatnið. Á hinum yngri og lekari svæðum landsins vskur grunnvatnsborð mun meira frá landslagi og sums staðar er það nánast óháð því. Á utanverðu Reykjanesi fer grunnvatnsborð t.d. varla yfir 1-2 m og þar verður því dýpra á það sem fell og hálsar eru hærri.

## 2.6 Jarðtækni

*Brunnar* eru notaðir þar sem vatn er tekið úr lindum eða yfirborðsjarðlögum á litlu dýpi. Ýmsar gerðir af brunnum tókast hér á landi. Vfð plaströr eru oft hentug. Rörið er gatað á því lengdaribili sem menn vilja að vatnið streymi inn í það (mynd 6). Efsti hluti rörsins er ógataður til að halda yfirborðsvatni frá. Neðsti hlutinn er einnig oft ógataður þannig að þar myndast svolstíll kjallari þar sem hugsanlegt grugg getur sest fyrir. Ef sjálffrennsli er úr brunninum þarf úttakið að vera á mörkum kjallara og gataða hluta hans. Ef dæla er í honum er best að hafa hana á þeim stað en úttakið getur verið nánast hvar sem er. Grafið er fyrir brunnrörinu og það sett lóðrétt í gryfjUNNI. Oftast er óráðlegt að setja sama efni niður með brunnrörinu og mokað var úr gryfjUNNI. Ef efnið er leir- eða moldarblandið er það illa lekt og auk þess hætta að óhreinindi berist inn í brunninn. Sama gildir ef efnið er sandríkt. Í slískum tilfellum er best að setja fremur grófa sigtismöl niður næst brunnrörinu, t.d. 0,5 m þykkt lag. Utan með henni skal setja jafn þykkt lag af fínni möl en upphaflegt efni yst. Ef hætta er á yfirborðsmengun má breiða nokkurra fermetra



**Mynd 6.** Brunnur sem grafinn er í gróna eyri. Einföld skýringamynd.


plastdúk lárétt kring um brunnrörið ofan við hinn gataða hluta rörsins. Síðan er allt hulið með efni af staðnum. Gæta skal þess að hafa vatnshalla á yfirborði frá brunnröri.

Forsteyptir brunnhringir eða steinrör, eins og notuð eru í vegræsi, hafa viða verið notuð þar sem þörf er fyrir viða brunna. Um frágang heirra gilda nánast sömu reglur og á plastinu.

**Safnlagnir.** Á síðari árum hafa safnlagnir þótt góður kostur þar sem vatn er tekið úr áreyrum. Eyrarnar eru stundum svo þunnar að brunnar sem í þær eru grafnir gefa takmarkað vatnsmagn. Þetta má leysa með því að hafa brunnana því fleiri en oftast er hentugra að koma fyrir láréttum safnlögnum út frá einum brunni og auka þannig aðdráttarsvið hans (mynd 7) eða tengja saman two brunna með safnlögnum. Aðstæður á áreyrum eru viða þróngar, þær eru takmarkaðar að flatarmáli og malarlagið þunnt. Vatnið sem úr þeim fæst er því komið skamma leið úr ánni sem um þær rennur. Þegar safnlögnum er komið fyrir í þeim verka eyrarnar fremur sem síur á árvatnið en sem raunverulegir veitar. Í slískum tilfellum þarf að gæta þess að safnarvegalengdin sé fullnægjandi til að bæði grugg og gerlar hverfi úr vatninu. Sú vegalengd er háð grófleika eyrarinnar og niðurdrættinum sem verður við dælingu úr safnlögnum. Reynslan hérlandis er ekki mikil en en þó virðist 30 m safnarvegalengd duga í flestum tilfellum.

Fyrirkomulag lagnanna getur verið með ýmsum hætti og bæði er hægt að hugsa sér dælingu og sjálffrennsli frá þeim. Þar sem dælt er úr safnlögum, og það er algengast, er best að hafa dælu-brunninn fyrir miðju en safnlagnir út frá honum til beggja handa samsíða árbakkanum. Á endum safnlagnanna er gott að hafa mjóa brunna eða rör til yfirborðsins sem hægt er að dæla úr eða blásá í ef hreinsa þarf lögnina síðar. Dælubrunnurinn getur verið með svipuðu sniði og lýst var hér að ofan en hann getur líka verið ógataður. Safnlagnirnar tengjast honum vel ofan við botninn svo kjallari myndist. Þær liggja síðan sem næst láréttar til beggja handa. Lengd heirra ræðst af aðstæðum. Valin sigtismöl skal lögð að þeim allt um kring líkt og gerist í drenkerfum kring um hús. Síðan er lögnin hulin með efni af staðnum.

Safnlagnir eins og hér hefur verið lýst, þurfa ekki að vera einskorðaðar við þróngar aðstæður. Í viðáttumiklum og þykkum eyrum geta þær komið að jafngóðum notum og borholur og verið að auki mun ódýrari kostur. Sums staðar eru aðstæður til sjálffrennslis frá safnlagnakerfi. Þá liggur eyrin sem vatnið er unnið úr verulega herra en byggðin eða vatnsnotandinn sem þjóna skal. Í




Mynd 7. Safnlagnir. Einföld skyringamynd.

Slíku kerfi kemur frárennslisbrunnur í staðinn fyrir dælubrunn. Í raun er hann í litlu frábrugðinn hinum nema hvað honum er komið fyrir við neðri enda safnlagnarinnar en ekki fyrir miðju.

*Borholur* eru ýmist boraðar í fastan berggrunn eða laus yfirborðslög. Í lausum yfirborðslögum er frágangur þeirra í grundvallaratriðum eins og í brunnum. Þær eru fóðraðar með stálröri, eða plaströri, frá yfirborði og í botn. Fóðurrörinu er komið fyrir í holunni í borlok, áður en vinnuföðring er dregin upp. Oftast er sigtismöl sett niður með rörinu. Slíkar holar eru oft lokaðar í botninn til að draga ekki upp óhreinindi. Þegar um borun í berggrunninn er að ræða er ekki alltaf þörf á fóðurröri til botns. Oft dugir að setja fóðringu niður í gegn um lausu yfirborðslögum og efstu metrana í bergi nema að berggrunnurinn sé lélegur og hrún hafi komið fram í holunni. Yfirleitt er þó venjan að fóðra niður fyrir dælu. Eins og gefur að skilja er ekki þörf á sigtismöl í slíkar holar. Fóðurrörið skal vera ógatað frá toppi og a.m.k niður að grunnvatnsborði.

Sjálfrennsli er fátítt í kaldavatnsholum. Í flestum tilfellum er nauðsynlegt að dæla vatninu úr þeim. Dælubúnaður er mismunandi eftir aðstæðum. Ef grunnvatnsborð fer niður fyrir 5 m frá yfirborði við dælingu þarf að hafa djúpdælu í holunni. Yfirborðsdælur koma hins vegar að göðum notum þegar grynnra er á vatnsborðið. Frágangur við holutopp fer mjög eftir því hvers konar dæla er í holunni. Þegar um er að ræða djúpdælu með mótorinn niðri í holunni eru lagnir að henni oftast í jörðu skammt undir yfirborði um gat á fóðurröri. Þá nægir oftast að hafa góðan hlemm skrúfaðan á holutoppinn. Þegar um er að ræða yfirborðsdælu, annað hvort sogdælu eða djúpdælu með mótor á holutoppi þarf að byggja yfir holuna.



**Mynd 8. Borhola.** Holan er í hrauni. Hún nær í gegn um efsta hraunlagið og niður í það næsta. Grunnvatnsstreymið að henni er aðallega í botnkarga eftir hraunlagsins og yfirborðsgjalli neðra lagsins.

## 2.7 Ending safnlagna og borhola

Þetting og tæring eru þau atriði sem oftast ráða æfilengd borhola og safnlagna. Endingartími safnlagnakerfa er vafalaust mjög misjafn eftir atvikum en lítil reynsla er fengin á það hérlandis. Fyrsta safnlögnin var tekin í notkun 1980 í Norðfirði. Aðstreymi grunnvatns að safnlögnum veldur hægfara þéttingu umhverfis þær. Fín jarðvegskorn setjast með tímanum að milli stærri korna í grennd við safnrörin og í götum þeirra. Hreinsibrunnarnir, eða rörin, á endum safnlagnanna eru gerð til að blása í og riffa burt þéttingu allra næst lögninni. Þegar það dugir ekki til má í flestum tilvikum bregðast við með því einfaldlega að grafa niður að lögninni, skipta um siktismöl eða hreinsa hana eða hreinlega bara róta í henni.

Sama þéttigarvandamál er við að etja í borholum sem boraðar hafa verið í laus jarðög. Þar er hins vegar erfiðara um hreinsun. Oftast verður að bora nýja holu þegar þéttinig hefur náð vissu marki. Þó er hægt að lengja líftíma borhola með því að blása þær út þegar þéttigar verður vart.

Langvarandi niðurdráttur grunnvatnsborðs kring um borholur og safnlagnir getur valdið því að jarðefnin sígi og þéttist. Þetta er nefnd pökkun. Efnið fer ekki í fyrra horf þótt grunnvatnsborð hækki eða þótt vatnsbólið sé hvílt. Pökkun að þessu tagi takmarkar oft æfiskeið vatnsbóla.

Holur sem boraðar eru í berg eiga yfirleitt lengra líf fyrir höndum en holur í lausum jarðögum. Þetting af völdum útfellinga í siktisrörum og í bergen umhverfis þær skammtar þeim þó oft líftíma. Tæring er einnig viða vandamál og ræður oft mestu um lísfaldur borhola.

## 2.8 Vatnshreinsun

Hérlandis eru reknar þrjár vatnshreinsistöðvar sem sía vatn og gerilsneyða. Þær eru á Akranesi, Bolungarvík og á Seyðisfirði. Þar er vatn tekið úr ám og það leitt í hreinsistöð þar sem það er látið síga gegn um sand- eða stálsfur. Sjálfvirkur bakkreinsibúnaður skolar grugg úr sínum þegar þrýstifallið í þeim hefur náð ákveðnu marki. Hann verkar þannig að hreinsuðu vatni er dælt með krafti upp í gegn um síurnar. Stefnt er að fullkominni sínum þannig að allt grugg hverfi úr vatninu. Eftir að vatnið hefur verið síð er það látið ganga í gegn um geislun í útfjólubláu ljósi í glerpípum sem umluktar eru þar til gerðum perum. Geislunin vinnur á öllum bakteríum sem í vatninu eru. Kostir hennar eru þeir að hún hefur enga eftirvirkni, skilur ekki eftir bragð, lykt eða lit.

Tvennskonar efnafræðileg gerilsneyðing á vatni hefur tilkast og tilkast enn allvísida. Þetta eru klórering og ózonering.

*Klórering* hefur lengi verið notuð í fiskiðnaðinum. Henni er beitt í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að sótthreinsa vinnsluvatnið og í öðru lagi til að auka geymslupol afurðanna en klórið hefur eftirvirkni sem heldur niðri bakteríustarfsemi. Með bættu ástandi neysluvatnsmála hefur þörf á klóreringu til almennrar sótthreinsunar minnkað að mun. Henni er þó tölvert beitt ennþá í fiskvinnslustöðvum. Klórið er í vökviformi og haft á kút við vatnslögnina en sjálfvirkir skammtarar sjá um íblöndun. Klórering vatns veldur bæði lykt og bragði. Skylt er að nota klór til sótthreinsunar á sundlaugavatni.

*Ozonering* er notuð í svipuðum tilgangi og klóreringin. Hún hefur þó mun minni eftirvirkni og hefur lítil sem engin áhrif á bragð, lykt eða lit. Ozonið er mjög hvarfgjarn og oxar gerla og önnur lífræn sambönd. Ozonering er mest notuð við ölgerð, gosdrykkjaframleiðslu og átöppun vatns.

## 2.9 Vatnsvernd


Lagabálkar eru til um vatnsréttindi, vatnsnýtingu og vatnsvernd. Aðal bálkurinn er Vatnalögin svonefndu frá 1923 (Orkumál 16, 1967) en nákvæmustu ákvæði vatnsverndar koma fram í Heilbrigðisreglugerð frá 1990 og Mengunarvarnarreglugerð frá 1990 (Stjórnartsöndi B2-1990 og B62-1990). Frumvarp að sjálfstæðum lögum um verndun nytjavatns liggur fyrir núverandi þingi. Markmið laganna er að tryggja vernd nytjavatns þannig að almenningur hafi aðgang að heilnæmu neysluvatni og vatni til atvinnurekstrar, þar með talið húsdýrahaldi. Einnig skal taka eðlilegt tillit til annarrar nýtingar á vatni, náttúruverndarsjónarmiða og verndunar menningarverðmæta. Vatnsverndarsvæði eru tilgreind þrennskonar:

1. Brunnsvæði, sem er nánasta umhverfi vatnsbóls og strustu kröfur um vernd skulu gilda.
2. Grannsvæði, sem er svæðið næst utan við brunnsvæðið og þar sem strangar kröfur um vernd skulu gilda.
3. Fjarsvæði, sem er svæðið utan við grannsvæðið út að vatnaskilum og þar sem verulegar kröfur um vernd skulu gilda.

Gera skal úttekt á nytjavatnssvæðunum áður en þau eru tekin í vernd. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um vatnafar, vatnajardfræði, vatnsgæði, ástand vatns, mengunarhættu og vatnsnotkun. Útektin skal vera til viðmiðunar fyrir eftirlit með vatnsverndinni. (Frumvarp til laga um verndun nytjavatns). Í drögum að greinargerð frá Skipulagi rískisins frá 1991 eru vatnsverndarflokkarnir skilgreindir nánar (Freysteinn Sigurðsson og Guðrún Halla Gunnarsdóttir 1991).

### 3. VATNSVEITUR MEÐ YFIR 1000 MANNS Á VEITUSVÆÐINU


Í köflunum hér á eftir verður öllum helstu vatnsveitum landsins lýst frá jarðfræðilegu og vatnafarslegu sjónarmiði. Getið er um jarðmyndanir, vatnsmagn, og vatnsgæði. Minna er rætt um tæknileg atriði. Miðað er við að veiturnar hafi yfir 1000 manns á þjónustusvæði sínu. Aftan við lýsingarnar er tafla yfir allar þéttbýlisvatnsveitir með yfir 100 manns á þjónustusvæðinu. Í henni er getið um gerð veitis og vatnsbóls, vatnsþörf staðanna, og afkastagetu vatnsbólanna.



Mynd 9. Vatnsveita Reykjavíkur (Vatnsveita Reykjavíkur 1992).

#### Vatnsveita Reykjavíkur

Vatnsveita Reykjavíkur sækir mestallt vatn sitt á Heiðmerkursvæðið og hefur gert það frá árinu 1909 (Knud Zimsen 1952). Gvendarbrunnar eru uppsprettulindir í landi Hólms og koma undan Hólmshrauni í Heiðmörk. Þeir eru kenndir við Gvend biskup góða sem vígði lindir, brunna og björg um allt land á sinni tñ. Vatn sem hann vígði var ekki aðeins talið heilnæmt til neyslu og gætt læknisdómi, heldur slökkti það eld öðru vatni betur og hafði fleiri yfirnáttúrulega eiginleika. Engar heimildir greina þó frá vígslu Gvendarbrunna en örnefnið segir það sem þarf. Fyrr á árum var vatnið tekið beint úr lindunum. Þá voru vatnsbólin opin. Upp úr 1970 hófust boranir eftir vatni í Heiðmörk og 1984 var öll vatnsvinnslan á svæðinu úr borholum og var þá gamla



**Mynd 10.** Árangur lekaleitar í Reykjavík kemur fram sem minnkandi vatnsnotkun á íbúa.  
(Vatnsveita Reykjavíkur 1992).

opna vatnsbólið endanlega lagt af. Aðalvatnsvinnslusvæðið er kennt við Jaðar vestur af Gvendarbrunnum. Þar dæla 6 dælustöðvar úr 10 holum 350-600 l/s til geymis T-1 í Heiðmörk (mynd 9).

Annað vatnsvinnslusvæði er við Myllulækjartjörn 1,5-2 km suðvestan við Jaðar. Það var tekið í notkun 1982. Þar er vatn unnið úr 3 borholum sem gefa 250-350 l/s. Því er dælt í geymi T-2 sem síðan er miðlað til geymis T-1 eftir þörfum.

Skammt upp af Gvendarbrunnunum gömlu er Gvendarbrunnahús, í því er Gvendarbrunnasalur, aflangt rými sem minnir á jarðgöng við fyrstu sýn. Þar inni eru 7 borholur eða brunnar sem tengdir eru sprungu í berggrunninum. Úr henni fást 300-500 l/s. Vatninu er dælt ýmist beint í aðalæð eða í geymi T-1 í Heiðmörk.

Grunnvatnið við Gvendarbrunna, Jaðar og Myllulæk á uppruna sinn í úrkomu sem fellur á Heiðmerkur- og Bláfjallasvæðið. Berggrunnurinn er úr grágrýti og móbergsmýndunum en sprungur auka mjög vatnsleiðni og forða. Sprungurnar eru hluti af sprunguskara sem kenndur hefur verið við Krísvík. Hraunin sem þekja vflóttumilkil svæði á þessum slóðum liggja að mestu yfir grunnvatnsborði.

Hjá lindunum í Bullaugum norðan við Árbæ eru tvær dæluholur sem Vatnsveitan hefur nýtt síðan 1966 (nr. 13 á mynd 9). Fullnaðarvirkjun svæðisins var lokið 1972 og var þá dælt þaðan um 110 l/s. Dæling þaðan hefur farið minnkandi eftir því sem vatnstakan hjá Jaðri hefur aukist. Stefnt er að því að hætta henni að mestu vegna vaxandi byggðar þar í grennd en nýta Bullaugu sem varavatnsból eða til nota fyrir iðnað. Veitirinn er sprungið grágrýti eins og við Jaðar og Myllulækjartjörn. Í Vatnsendakrikum suðvestan til í Heiðmörk er grunnvatnsstraumur sem stefnir til vesturs fram hjá aðdráttarsviði vatnsbólanna við Jaðar og Myllulækjartjörn. Þar er nýtt vatnsvinnslusvæði sem áætlað er að geti gefið allt að 500 l/s eða helnings viðbót við það sem fæst úr núverandi vatnsbólum. Þjónustusvæði Vatnsveitunnar er Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur. Einnig fær hétþýlissvæði Mosfellsbæjar vatn úr veitunni, en fékk vatn úr Laxnesdýjum og Guddulaug fram yfir 1987.

Vatnsþörf í Reykjavík jókst jafnt og þétt fram til ársins 1986. Síðan hefur þörfin minnkað stöðugt þrátt fyrir að dreifikerfið hafi stækkað og sínnum fjölgað. Ástæðan er sú að stóraukin áhersla er nú lögð á að finna leka í dreifikerfinu og gera við þá. Nýjustu tækni á svíði lekaleitar er beitt. Árangurinn sést best á súluritinu á mynd 10, en það sýnir að meðalvatnsþörf á hvern sínnum hefur minnkað úr 800 í 650 l/fb./dag. Árlega eru um 800 viðgerðir framkvæmdar á dreifikerfinu, flestar þeirra tengjast lekum lögnum.

### Mosfellsbær

Áður en Mosfellsbær tengdist Vatnsveitu Reykjavíkur fékk hann megnið af vatni sínu úr borholum í Laxnesdýjum. Þar er grágrýti í berggrunni og eins og nafnið bendir til voru dýjaveitur og uppsprettur þarna. Þrjár borholur voru á svæðinu og úr þeim fíkkst sjálfrennandi vatn sem nægdi byggðarlaginu fram yfir 1970. Þá tók að bera á vatnsskorti enda staðurinn í örum vexti. Árið 1975 var fjórða holan boruð í Laxnesdýjum og jafnframt var hafin dæling úr þeim. Sá galli er á þessu vatni að hitastigið er  $12^{\circ}\text{C}$ . Þegar vatnsþörf Mosfellsbæjar var komin fram úr afkastagetu dýjanna milli 1980 og 1990 var gerð all umfangsmikil vatnsleit í sveitarfélagini. Könnuð var öflun vatns úr lausum setlögum. Vatn úr áreyrum í Mosfellsdal reyndist ónothæft en lekt of lítil og setlög of þunn við Hafravatn. Lindir eru inn á Seljadal en rennsli frá þeim er mjög sveiflukennt. Vatnsleitin leiddi til þess að ákveðið að tengjast Vatnsveitu Reykjavíkur. Laxnesdý eru þó enn í notkun fyrir bæi og gróðurhús í Mosfellssveit, einnig lindin Guddulaug norðan við Mosfell og lindir ofan við Reykjalandarhverfið.

### Akranes

Tekur neysluvatn sitt úr þremur stöðum þ.e. um hreinsistöð úr Berjadalsá, lindum Óslækjar hjá Pyttum og úr safnlögnum og brunnum við Slögu

Vatnsbólin við upptök Óslækjar og var tekið í notkun 1963. Vatnið kemur upp við vesturjaðar sérkennilegs berghlaups, Pyttum, sem sprungið hefur fram úr norðurhlíð Akrafjalls. Þarna hefur stór spilda brotnað frá fjallinu og sigið fram án þess að brotna verulega upp. Miðhluti hlaupsins er þéttur en til hliðanna eru skriðuurdir og auk þeirra liggja efnismiklar lækarkeilur niður með því beggja vegna. Það vatn sem sígur í urðina leitar því framrásar við jaðrana sitt hvoru megin hennar, annars vegar í upptökum Óslækjar en hins vegar í lindum Hvítaneslækjar við svipaðar aðstæður. Undan framjaðrinum koma einungis óverulegar lindir. Berghlaupið er nærrí  $2 \text{ km}^2$  að flatarmáli. Það er góður veitir því verulegur hluti úrkomunnar sem á það fellur sígur til grunnvatnsins. Rennsli Óslækjar fer sjaldnast niður fyrir  $20 \text{ l/s}$ . Vatnsbólið er í linda-augunum sjálffum en þar eru litlir inntaksbrunnar. Mengunarhætta er lítil nema af leysingum á frosinni jörð.

Slaga heitir milli Berjadalsár og Óslækjar. Þar komu dreifðar lindir undan skriðum. Þessu rennsli hefur verið safnað saman í nokkra inntaksbrunna. Vatnsmagnið er talið  $10-12 \text{ l/s}$  minnst.

Berjadalsá hefur frá árinu 1942 verið aðalvatnsból Akraness. Vatnið fer gegnum tvær sífur og geislun. Efri sífan er sandsíá í uppistöðulóni í ánni. Þar sígur vatnið um malarlög á lónbotninum að inntakinu og hreinsast af grófasta grugginu. Þaðan er vatnið leitt í þró og látið sílast um sandlög í botni hennar og fer síðan gegnum geislunarhúsaðinn. Lagnirnar frá Óslæk og Slögu koma einnig í geislunarhúsið þannig að það vatn fær geislun þótt þess sé varla þörf. Þaðan liggur stofnlögn í bæinn. Síunarmannvirkin eru jafnframt miðlunarmannvirki en auk þeirra var árið 1993 byggður 1000 tonna miðlunartankur fyrir vatnið. (Fréttabréf SÍH 5. tbl. 1994, Þórólfur H. Hafstað 1980).

## Borgarnes

Áðalvatnsból Borgfirðinga er á Seleyri handan fjarðar upp af Borgarfjarðarbrú. Eyrin er byggð upp af samvöxnum aurkeilum tveggja lækja sem koma úr giljum í Hafnarfjalli. Keilurnar teygja sig frá fjallshlóðinni, niður að strönd en þar hafa hafaldan og Hvítá mótað eyrarodda sem skagar í sjó fram. Út af honum gengur Borgarfjarðarbrúin til Borgarness. Lækirnir sem mynduðu keilurnar eru álska stórir. Vatnasvið hvors þeirra um sig er  $2,5 \text{ km}^2$  og meðalrennslið um 100 l/s í hvorum. Þeir hverfa oftast í aurkeilurnar skammt neðan gilkjaftanna og nái ekki að renna til sjávar á yfirborði nema í vatnavöxtum. Parna eru því tveir grunnvatnsstraumar sem síga út eyrina og úr þeim er neysluvatn Borgarness tekið. Upphaflega var vatnið tekið beint úr lækjunum. Það var því yfirborðsvatn sem oft gruggaðist. Árið 1967 var boruð rannsóknarhola í eyrina og þá kom í ljós að þar var mikil grunnvatn að fá. 1968 voru boraðar þrjár holar til viðbótar og árið eftir var ein þeirra virkjuð. Síðan hefur vatnsbólíð verið á þeim stað og var fyrst leitt á sjávarbotni yfir fjörðinn. Nú er vatn tekið úr tveimur borholum og því dælt til bæjarins um lagnir sem eru í brúnni. Langvarandi dæling úr einni holu sýndi að hætta var á saltmengun ef aðgát var ekki höfð. Til að örfa innrennsli vatns í eyrina eru tvær sveitutjarnir við lækina sem hafa gefið góða raun. Vatnsgæðin hafa verið talin viðunandi.

Árið 1991 var nýtt vatnsból tekið í notkun. Það er í lindum undir Háumelum út með Hafnarfjalli. Lindirnar koma undan skriðurunninni fjallshlóðinni. Parna fást 14-15 l/s að jafnaði. Vatnini er veitt um 2,8 km langa lögn að Seleyri sem tengd er inn á aðallögninguna þar. Eftir að Háumelaveita komst í gagnið hefur vatnsnám verið minnkað að mun í Seleyri og einungis dælt úr annarri holunni þar í einu.

Gamalt vatnsból, s.k. Giljaveitur sem gert var á stríðsárunum, líklega 1942, er enn í notkun. Þetta er yfirborðsvatn sem tekið er í lækjargilinu fyrir ofan Seleyri. Vatninu er haldið aðskildu frá neysluvatninu en er notað á þvottaplönum og sem kælivatn á frystivélar.

Heildarvatnsþörf Borgarness er 25-30 l/s en afköst vatnsbólanna er um 40 l/s. Vatn frá Borgarnesi er notað í Icy vodka sem pakkað er í mjólkurbúinu og flutt út í stórum stfl. Sagt er, að af öðru íslensku útflutningsvatni ólöstuðu, sé Borgarnesvatnið drukkið af mestri áfergu. (Jón Jónsson 1969, Freyr Þórarinsson og Þórólfur H. Hafstað 1975, Guðmundur Finnsson, verkstjóri, Borgarnesi, pers. uppl.).

## Ólafsvík

Ólafsvík hefur um langt árabil fengið neysluvatn frá lindum vestan undir Gerðubergi. Gerðuberg er grágrytisrani suður af kaupstaðnum í 300-400 m y.s. Grágrýtið hvíslir á bólstrabergi sem vísast er hulið skriðum. Lindirnar koma undan skriðunum en vatnið virðist ættað úr bólstraberginu. Vatnsbólín eru í þremur lindasvæðum. Af tveimur efri svæðunum hefur rennsli mælst 25-30 l/s og nýtist það allt, en af neðsta svæðinu koma 15-25 l/s og er aðeins hluti þess nýttur. Vatnið er tekið í safnbrunna og rennur sjálfkrafa þriggja km leið til bæjarins. Miðlunarrými í tanki er 390 tonn.

Austan í Enni rétt vestan Ólafsvíkur eru lindir þar sem áður voru vatnsból bæjarins. Þau eru nú aflögd nema hvað eitt fiskverkunarhús tekur vatn úr tveimur lindum á þeim slóðum. (Póroddur F. Póroddsson og Snorri P. Snorrason 1978, Snorri P. Snorrason og Póroddur F. Póroddsson 1978, Jón Jónsson 1962, Jón Júlfusson bæjarverkstjóri, munnl.uppl.).

### Stykkishólmur

Vatnsból Stykkishólms eru í lindum sem koma undan hrauninu við Svelgsá. Það er í um 60 m y.s. Talið er að lindirnar fari vart niður fyrir 50 l/s í rennsli. Frá þeim er ríflæg 13 km löng lögð til bæjarins. Nokkrir sveitabærir eru tengdir lögninni. Sjálfrennsli er alla leiðina og enn sem komið er hefur hvorki þurft miðlun né dælingu til að anna vatnsþörfinni. Gamall miðlunar-tankur er til staðar og dæla að honum en þessi mannvirki hafa ekki verið notuð um árabil. Vatnsþörfin er talin vera um 40 l/s en með miðlun mætti vafalaust komast af með verulega minna vatnsrennsli. Vatnsveitan var gerð á árunum 1972-1974. Áður var vatnið tekið úr lindum sem komu undan framhlaupinu í Drápuhlíðarfjalli. Þær hafa nú verið aflagðar að öðru leyti en því að einn eða tveir bærir nota hana. (Erlar Kristjánsson, byggingarfulltrúi, munnl.uppl.).

### Bolungarvík

Þjár vatnsveitur eru á Bolungarvík, vatnsveita bæjarins, vatnsveita Ísfélagsins og vatnsveita sildar- og fiskmjölsverksiðju.

Vatnsveita bæjarins fær vatn úr Hlíðardalsá. Upptök hennar eru í lindum og mýradrögum á Hlíðardal og í Mannafellsskál. Þetta er yfirborðsvatn svo oft verður vart við mengun, grugg og mýrarauða. Hlíðardalsá er stífluð í 80 m y.s. og er malarlagi í botni lónsins ætlað að hreinsa vatnið. Nýlega hefur verið reist hreinsistöð sem síar og hreinsar vatnið úr Hlíðardalsá. Litlar upplýsingar eru um vatnsþörfina.

Íshúsfélag Bolungarvíkur h/f létt bora allmargar holur á árunum kring um 1970 og eru 3 þeirra í notkun. Þeim hættir til að þorna á viðsum árstíma en að öðru leyti eru afköst þeirra lítt þekkt. Vatnsmagnið nægir engan veginn fyrir frystihúsið. Enda þótt holurnar séu inn í miðjum bæ er vatnið úr þeim talið viðunandi gott.

Sildar- og fiskmjölsverksmiðjan rekur þriðju vatnsveituna á staðnum. Dælt er vatni úr Hölsá til kælingar á soðkjarnatækjum verksmiðjunnar. (Þóroddur F. Þóroddsson og Snorri Páll Snorrason 1979).

### Ísafjörður

Vatnsveita Ísafjarðar sækir vatn sitt í Úlfsá í Dagverðardal og Tunguá í Tungudal. Stíflumannvirki eru í báðum ánum í um 200 m y.s. Síunarþúnaður þar eftir er enginn að frátalinni grófri rist. Frá stíflunum liggja asbestlagrir að síunarhúsi sem staðsett er í Stórvord ofan við kaupstaðinn. Þar eru sandsíur sem upphaflega voru gerðar fyrir mun minna vatnsmagn en þar streymir að jafnaði. Síubúnaðurinn hreinsar einungis grófasta grugg og gróðurleifar úr vatninu. Engin geislun eða önnur gerlavörn er viðhöfð. Frá síuhúsi liggja leiðslur í two miðlunargeyma 250 tonna og 750 tonna. Lítið er vitað um vatnsnotkun á Ísafirði.

Ísafirðingar voru í fararbroddi um síðustu aldamót þegar þeir komu sér upp vatnsveitu fyrir bæinn, fyrstu almenningsvatnsveitu á Íslandi. Þessa forustu hafa þeir misst og ástandi vatnsmála á Ísafirði hefur lengi verið hágborið. Blaðaskrif frá fyrri hluta árs 1993 eru ljósasti votturinn um það. Kólfgerlar eru í vatninu og komið hefur í ljós að í vatnssíuhúsinu í Stórvord er silungur sem virðist þrífast ágætlega. Silungurinn er talinn koma úr Tungudal. Þetta ástand hefur lengi staðið til bóta. Fyrr á árum var stefnt að því að gera ný vatnsból í lindum inn á Dagverðardal (Hjalti Fransson 1972) en nú er ráðgert að setja upp nýjan síunarþúnað í Stórvord 1993 og geislunarþúnað árið 1994. Nú mun að því stefnt að taka vatn af þeim mikla straumi sem kemur út úr jarðgöngunum undir Breiðadalsheiði. (DV 15.2.93, Bæjarins bestu 24.2.93, Vestfirska fréttablaðið 18.2.93 og 18.3.93).

## Blönduós

Vatnsból Blönduóss er í Laugarhvammi í landi Breiðavaðs á austurbakka Blöndu. Jarðfræðilegar aðstæður eru þær að norðvestur af hvamminum er líklega lægð í basaltklöppina sem myndar berggrunninn. Lægðin er full af seti og er talin allt að 5 km löng og ná allt norður undir Sölvabakka í Refasveit. Hún beinir grunnvatnsstreyminu í setinu að lindinni. Þetta eru efnismikil laus jarðög sem hlaðist hafa upp við sporð fsaldarjökulsins er hann hörfaði af þessum slöðum fyrir nálægt 10000 árum.

Vatnasvið lindarinnar í Laugahvammi er nálægt 10 km<sup>2</sup>. Annars vegar er það í hlíðinni vestan undir Refsborg og hins vegar á láglendinu undir hlíðarfætinum. Úrkoman sem þarna fellur og ekki gufar upp, eða tapast á annan hátt, sígur annaðhvort í jörðu og kemur fram í vatnsbólinu, eða það rennur af á yfirborði gegnum Hólmavatn, Réttarvatn og Grafarvatn til Blöndu. Á vatnsviðinu er góður veitir sem nær að miðla vatninu til vatnsbólsins. Gróflega áætlað virðist um þriðjungur ársúrkumunnar ná til grunnvatnsins. Vatnsrennslíð frá lindinni hefur verið mælt oft og rækilega og hefur aldrei farið niður fyrir 45 l/s. Vatnsþörfin er um 20 l/s að meðaltali á ári. Tvær dælur eru í vatnsbólinu sem geta dælt 18 l/s hvor. (Pórólfur H. Hafstað 1976b, 1992, Pórólfur H. Hafstað og Karl Ómar Jónsson 1984, Skúli Víkingsson og Sigbjörn Guðjónsson 1984, Guðbjartur Ólafsson, tæknifr., munnl. uppl.).)

## Sauðárkrókur

Vatnsveita Sauðárkróks tekur vatn frá þremur stöðum, frá Veðramóti, Molduxaskarði og Gilsbungu. Aðalvatnsbólið er í nokkrum smálindum í hlíðinni innan og ofan við bæinn að Veðramóti. Grunnvatnið er komið úr Heiðarhnjúk, sem er kvarter móbergsmýndun sunnan í Tindastóli. Myndunin liggur mislægt á tertíseru bergi. Hún teygir sig frá Veðramóti 6-7 km leið að Álfvatnini innan við Heiði og er um 7 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Myndanaskilin liggja viðast í um 300 m y.s. þeim megin sem að dalnum snýr en þeim hallar upp í móti að Tindastóli. Slitrótt lindalína er í tengslum við þessi myndanaskil en mikil af grunnvatninu sem streymir um móbergið fær framrás í Veðramótadýjum. Þar liggja myndanaskilin lægst.

Árið 1972 voru boraðar nokkrar borholur í Veðramótadý. Þær gefa nú lítið vatn. Seinna voru gerðir brunnar í lindum sem spretta fram á þessum slöðum. Þeir taka vatnið úr móbergsmýnduninni og reynast vel. Vatnsmagnið sem þarna fæst hefur oft verið mælt. Lágmarksrennslíð hefur reynst 18 l/s. Meðalrennslí yfir vetrarmánuðina er um 24 l/s.

Upp í Molduxaskarði eru virkjaðar nokkrar smálindir sem koma úr líparítskriðum. Talið er að þær gefi 2-4 l/s að jafnaði. Einnig er virkuð smálind sem sem sprettur upp við svipaðar aðstæður norðan í Gilsbungu. (Pórólfur H. Hafstað 1978 og 1992).

## Siglufjörður

Aðalvatnsból Siglufjarðar er safnlögn í eyrum Fjarðarár innan við gamla uppistöðu inni á Hölsdal. Parna var upphaflega tekið yfirborðsvatn beint úr ánni. 1986 var safnlögninni komið fyrir í eyrinni. Vatnsbólið hefur reynst vel og vatnið staðist gæðakröfur þótt þarna sé aðþróngt mjög og síunarvegalengdir stuttar. Vatnið er sjálfrenndi langleiðina til bæjarins en er dælt inn í lekt dreifikerfið og í miðlunartank ofan byggðar.

Í hlíðinni neðan við Hvanneyrarskál koma upp lindir úr bergi á þremur eða fjórum stöðum. Rennsli þeirra er tiltölulega stöðugt, 10 l/s. Parna eru gömul vatnsból kaupstaðarins sem enn eru notuð þótt mannvirkin séu tekin að lýast.

Inni á Skarðdal eru varavatnsból fyrir Siglufjörð. Tvær ár renna úr dalnum, Leyningsá og Skarðdalsá sitt hvoru megin við urðarröst sem liggur niður endilangan dal og nefnist Skarðdals-hryggir. Vatn hefur verið tekið úr báðum ánum. Þetta er yfirborðsvatn og stenst ekki neyslu-vatnskröfur. (Stefán Arnórsson 1972, Árni Hjartarson 1985, Sigurður Hlöðversson, tæknifræð-ingur, munnl.uppl.).

### Ólafsfjörður

Vatnsból Vatnsveitu Ólafsfjarðar eru á þremur stöðum, á miðjum Brimnesdal, við Múlaveg norðan Brimnesár og á Burstabrekkuðal. Elsta vatnsbólið er á miðjum Brimnesdal um 2 km frá miðlunartanki bæjarins. Þar koma fram lindir úr botnurð dalsins þar sem Brimnesá hefur skorið sig niður í hana. Þær eru taldar gefa um 10 l/s við lágmarksrennsli. Vatnið er tekið í safnbrunna og leitt í miðlunargeymi en þaðan er sjálffrennsli í bæinn.

Við Múlaveg norðan Brimnesár er lind sem talin er gefa um 20 l/s við minnsta rennsli. Fjar-lægð frá miðlunartanki er um 1,5 km. Sjálffrennsli er frá lindinni til bæjarins.

Á miðjum Burstabrekkuðal í um 300 m y.s. spretta lindir upp úr botnurð dalsins. Þarna hafa nokkrar lindir verið virkjaðar og eru þær tekna saman í safnþró. Þær eru taldar gefa a.m.k. 10 l/s lágmarksrennsli. Sjálffrennsli er til bæjarins, um 5 km leið.

Vatnsveitan hefur á að skipa tveimur miðlunartönkum 100 tonna og 500 tonna. Vatnsþörfin hefur minnkað á sföustu árum og er talin um 30 l/s. (Þóroddur F. Þóroddsson og Þórólfur H. Hafstað. 1975a, Þorsteinn K. Björnsson, tæknifræðingur og Einar Þórarinsson, veitustjóri munnl.uppl.).

### Dalvík

Vatnsból Dalvíkur er á grónum eyrum Svarfaðardalsár í landi Bakka og Hofsárkots um 9 km sunnan við kaupstaðinn. Þar er um að ræða fjóra brunna sem dreifðir eru um 2-3 hektara lands og grafnir 4-4,5 m niður í eyrina. Safnlögn 30 m löng er tengd einum brunninum. Frá brunnsvæðinu og út að á eru um 250 m. Ein dæla er í hverjum brunni. Þær dæla vatninu inn á aðal-æðina til bæjarins. Nokkrir sveitabærir eru tengdir veitunni. Veitan var hönnuð með það fyrir augum að geta flutt 60 l/s enda sýndu tilraunadælingar að hver brunnur annaði a.m.k. 15 l/s. Reynslan hefur þó sýnt að þeir eru nokkuð misvatnsgæfir og gefur sá besti allt að 24 l/s. Brunnarnir til samans eru taldir gefa um 70 l/s. Að jafnaði dugir að keyra tvær dælur. Vatnshiti er árstíðabundinn 1-7°C. Með fleiri brunnum og stærra vatnstökusvæði á eyrunum má fá margfalt meira vatn. Vatnsgeymir fyrir ofan Dalvíkurbæ rúmar 1000 tonn. Gamall 300 tonna geymir er til vara.

Í Brimnesfjalli ofan við Dalvík er berghlaup sem nefnist Upsi. Undan jaðri þess spretta nokkrar lindir sem hafa verið virkjaðar. Þar fást 5-10 l/s, mismikið eftir árstíðum. Sjálffrennsli er frá lindunum.

Áður en núverandi vatnsveita var tekin í gagnið var vatni dælt úr borholum í eyrum Brimnesár. Hætt var vatnsnámi þaðan vegna nágrennis við byggð og saltmengunar sem farið var að verða vart við. (Þórólfur H. Hafstað 1986, 1987a, 1987b, Guðmundur Árnason 1988, Sveinbjörn Steingrímsson, byggingarfulltrúi, munnl.uppl.).

## Akureyri

Vatnsveita Akureyrar fær vatn sitt úr þremur stöðum, úr Hesjuvallalindun, úr lindum á Glerárdal og úr Vaglaeyrum við Hörgá.

Elsta vatnsbólið er í Hesjuvallalindum en þær fyrstu þeirra voru virkjaðar 1914. Þær eru í Hlífarfjalli beint ofan kaupstaðarins í rúmlega 500 m y.s. Lindirnar virðast spretta úr berggrunnum. Meðalrennsli frá þeim er tæpir 60 l/s. Hiti lindavatnsins er 3,1°C. Í lindasvæðinu eru 11 inntaksbrunnar. Sjálfrennsli er frá þeim í bæinn.

Vatnsbólið á Glerárdal er í Hlífarfjalli, undir Hlífarskál vestan ár, þar sem heitir Selland, í tæplega 400 m y.s. Lindirnar spretta upp undan þunnum urðarsvuntum í hlífinni en eiga þó lísk-lega uppruna sinn að rekja til berggrunnsins en sömu hraunlög koma þarna fram og Hesjuvalla-lindir spretta úr. Byrgislækur rennur utan við lindasvæðið. Meðalrennsli úr lindunum er tæpir 40 l/s og vatnshiti 3,1°C. Vatnsbólið var tekið í notkun 1958 og eru sex lindir virkjaðar. Vatn úr Glerárdalsbólum er sett á neytendapakkningar í Mjólkursamlagi KEA og flutt út af Akva h/f.

Á Vaglaeyrum austan Hörgár, skammt innan við Þelamerkurkóla er þriðja vatnsból Vatnsveitu Akureyrar. Svæðið er í 25 m y.s. Þarna eru um 20 höggborsholur í eyrunum. Margar þeirra eru yfirbyggðar dæluholur. Um 20 m dýpi er á klöpp. Meðaldæling á ssíðustu árum frá Vaglaeyrum er 22 l/s. Vatnsbólið er notað sem varavatnsból og þegar vel árar í Hesjuvallalindum og á Glerárdal er sára litlu dælt úr Vaglaeyrum. Þó þjónar veitan að jafnaði bæjarröðinni til Akureyrar. (Þórólfur H. Hafstað 1993, Þórólfur H. Hafstað og Halldór G. Pétursson 1993).

## Húsavík

Vatnsból Húsavíkur er rétt ofan við byggðina, í hvammi neðan við Botnsvatn, í um 100 m y.s. Vatnið bullar úr sprungum í berggrunnum. Sprungurnar eru tengdar Húsavíkurmisgengjunum. Rennslið virðist leika á bilinu 250-300 l/s. Hiti vatnsins og leiðni er nokkuð breytileg frá einu lindarauga til annars, 4,0-6,0°C. Hitinn og leiðnin eru lægst í vestustu (neðstu) augunum norðan lækjar en hæst austast, efst á svæðinu. Stór lindalækur rennur frá svæðinu og sameinast Botnsá nokkru neðan vatnsbólsins.

Vatnið er tekið í brunna og stokka í lindaugum og leitt í safntank og berst þaðan með sjálf-rennsli um bæinn. Ekki er þörf á miðlun. Mengunarhætta virðist lítil en gæta verður hófs í öllum umsvifum upp af lindunum og í kring um Botnsvatn. Svæðið er afgirt, allur frágangur er góður og staðnum til sóma.

Gömul og aflögð vatnsveitumannvirki eru í lind sem kemur upp í 60 m y.s. efst í Húsavíkurbaæ milli Botnsá og Þorvaldsstaðaár. Vatnið virðist koma úr misgengissprungu, 30-40 l/s og 3,2°C. (Árni Hjartarson 1982a, 1984, 1991).

## Egilsstaðir

Egilsstaðakaupstaður tekur neysluvatn sitt úr borholum í Egilsstaðanesi og þaðan er því dælt í vatnstank vatnsveitunnar. Vatnshörfin er talin um 30 l/s þegar álagið er mest. Vatnið er tekið úr malarlögum sem Eyvindará hefur borið fram á fyrrti tíð. Grunnvatnsborði í Egilsstaðanesi er haldið uppi af Eyvindará og Lagarfljóti en athuganir hafa sýnt að grunnvatnið við vatnsbólið er að meirihluta til komið frá Eyvindará. Vatnsbólið hefur reynst vel í áranna rás og hefur sannast sagna þolað furðu mikla úrdælingu miðað við að einungis er um þrjár þéttstæðar borholur að ræða sem eru langt frá upprunastað vatnsins, í Eyvindará. Ljóst er þó að nokkuð er farið að halla undan fæti fyrir þessu vatnsbóli. Vatnsnámið hefur valdið því að land er tekið að síga um-

hverfis borholurnar. Áður var sléttlendi á þessum slóðum en nú er vatnsbólið á lágum hól en sigdældir allt um kring. Jarðlögin hafa því verið að þjappast saman og þéttast. Þetta er vel þekkt fyrirbrigði þar sem vatn er unnið úr setlögum og einnig við framræslu. Hóllinn stafar af því að þar er þykkt malarlag undir en til hliðanna er mölin þynnri. Borholurnar voru upphaflega staðsettar þar sem mestar líkur þóttu á þykku og vel vatnsleiðandi malarlagi.

Efnistaka úr Eyvindará hefur leitt til þess að vatnsborð hennar hefur lækkað frá því sem áður var á löngum kafla. Niðurgröftur árinnar leiðir svo aftur til dræmara innrennslis og lækkunar á grunnvatnsborði í Egilsstaðanesi, sem þegar hefur komið fram á vatnstökusvæðinu. Lega vatnsbólsins á flatlendinu neðan kaupstaðarins, við flugvallarsvæðið, veldur því að það er viðkvæmt fyrir mengun. (Árni Hjartarson o.fl 1981, Árni Hjartarson 1992a, Þórólfur H. Hafstað 1988, Sigbjörn Guðjónsson og Skúli Víkingsson 1988).

### Seyðisfjörður

Berggrunnur í Seyðisfirði er þéttur og lítið er um vatnsrök laus jarðög í grennd við kaupstaðinn. Um langan aldur hefur neysluvatnið verið sótt í Fjarðará. Vatnsbólið er ofan við uppistöðulón rafstöðvarinnar. Upphaflega voru malarsíur notaðar til að hreinsa vatnið en nú hefur um árabil verið rekin hreinsistöð þar sem vatnið er bæði sfað og geislað.

Fram til ársins 1974 fengu Seyðisfirðingar vatn úr Skagaveitu og fleiri veitum sem flestar tóku yfirborðsvatn. Skagaveitan er þó undantekning. Þetta er ágæt lind sem kemur upp í skriðukeilu neðarlegar í Bjólfí. Vatnið sígur til lindarinnar úr allvænum læk sem fellur út á skriðuna nokkru ofar. Hann á upptök sín í lindum sem koma upp undan Bjólfshaug hátt í fjalli. (Árni Hjartarson 1979, Árni Hjartarson o.fl. 1981).

### Neskaupstaður

Vatnsból Neskaupstaðar er á áreyrum Norðfjarðarár innan við brúna, gegnt ármótum við Seldalsá. Þar er rúmlega 100 m löng safnlögn grafin 6-7 m niður í eyrina samsíða ánni, 20-25 m frá bakknum. Á henni miðri er brunnr sem dælt er úr með tveimur djúpdælum. Hámarksafköst þeirra eru um 35 l/s. Miðlunargeymir staðarins rúmar um 800 tonn.

Vatnið er fyrst og fremst ættað úr ánni en einnig úr Merkjalæk sem rennur til árinnar rétt innan við vatnsbólið. Hitastig vatnsins getur farið í tæpa 1°C á vetrum og upp í 6-7°C á sumrin. Ljóst er að vatnsforðinn í eyrinni er ekki mikill heldur virkar hún fyrst og fremst sem sfa á árvatnið. Á vetrum getur botn stingull í ánni teppt innrennslíð í eyrina og valdið vatnsskorti ef ekkert er að gert. Vatnsgæðin hafa jafnan reynst fullnægjandi.

Núverandi vatnsból var tekið í notkun 1980 og er það fyrsta safnlagnavatnsveita sinnar tegundar hérlandis. Síðar hafa svipaðar veitur verið gerðar á nokkrum stöðum. Áður var vatn tekið á nokkrum stöðum í hlíðinni fyrir ofan Neskaupstað. Allt var það yfirborðsvatn. Árið 1963 voru settar dælur í tvær borholur í svonefndri Ingunnarveitu utan við Hof. Þaðan fékkst tölvert vatn fyrst í stað síðan tók að bera á saltmengun sem að lokum gerði vatnsbólið ónothæft (Árni Hjartarson 1978, Árni Hjartarson o.fl. 1981)

### Eskifjörður

Aðalvatnsból Eskifjarðar eru í nokkrum lindum á Lambeyrardal, beint upp af bænum, í 500-600 m y.s. Lindirnar spretta að hluta úr jökulurð en mest úr berghlaupsurð. Lindarennslíð er miklum sveiflum háð og dugir ekki bænum þegar verst lætur enda er rennslíð þá minna en 15 l/s. Umbúnaður vatnsbólanna er allgóður en á þau reynir vegna snjóþyngsla svo og í örum leysing-

um. Vatninu er safnað í tvær brunnpærar úr mörgum smærri brunnum sem grafnar eru í lindirnar. Í þessari hæð er mikið fannfergi og við vatnsbólin geta leysingar staðið fram á haust. Við slískar aðstæður getur verið erfitt að verjast mengun af völdum leysingavatnsins.

Lækurinn Beljandi á upptök sín í 350-400 m hæð undir Háuhlsdum að austan, ekki langt frá Oddsskarðsvegi. Efstu lindirnar koma úr klettum rétt ofan við fjallsskriðurnar norður með hlðinni. Stærstu lindirnar eru mun neðar. Þær nefnast Vatnsbotnar og koma úr jökulruðningsmelum skammt ofan þjóðvegarins í 360 m hæð. Vatnsrennsli í læknum hefur mælst á bilinu 4-30 l/s. Lindir Beljanda í Vatnsbotnum voru virkjaðar 1988 og tengdir vatnsveitu Eskifjarðar.

Um sama leyti og Beljandi var virkjaður lagðist af gamalt vatnsból við þjóðveginn upp með Ljósá að austan. Breytingar á Oddsskarðsvegi gerðu það nauðsynlegt. Þarna voru tvær lindir í jökulruðningi og gáfu allt að 5 l/s hvor. (Árni Hjartarson o.fl. 1981, Árni Hjartarson 1988).

## Höfn

Vatnsból Hafnar í Hornafirði er í Hólmslindum í mynni Laxárdals. Í dalsmynnini eru efnismikil laus jarðlög, áreyrar og fornar sjávarmyndanir. Lágur malarhryggur gengur þvert fyrir dalsmynnið. Hann nefnist Rimi eða Selmýrarhryggur. Þetta er fornt malarrif lskt þeim sem nú loka Hornafirði, myndað þegar sjór stóð um 40 m hærra en hann gerir nú. Riminn, sem gerður er úr næri hreinni vatnsnúðinni möl, rís 10-20 m upp af flatlendinu í kring. Innan hans er Rimavatn og Rimavatnslækur. Laxá fellur upp að honum fyrir miðjum dal en sveigir til vesturs og hefur brotið sér leið gegn um Rimann vestast í dalnum. Utan hans er lágor breiður malarhjalli en í framhaldi af honum er mýri með þykkum jarðvegi. Á mörkum mýrarinnar og hjallans koma upp fallegar lindir, Hólmslindir. Vatnið í þeim mun að mestu ættað innan úr Laxádal og hefur sigið í gegn um Rimann og hjallann að lindunum. Rennslismælingar á læknum sem rennur frá lindsvæðinu sýndu að vatnsmagnið lék á bilinu 90-220 l/s, vatnshiti er um 4°C. Vatnsbólið var tekioð í notkun upp úr 1980. Þarna eru brunnar í lindaugum, allt vel frá gengið og afgirt. Vatnsbólið er í 24 m y.s. svo dæla þarf vatninu til kaupstaðarins. Miðlunarrými í vatnstanki bæjarins er um 260 tonn.

Áður var vatnsból Hafnar við ána Míganda uppi undir fjalli þar sem heitir Grjótbrúarlind og Silungakelda. Hluti af vatninu var lindavatn en megnið af því var yfirborðsvatn ættað úr Míganda. Vatnsgædin þóttu ófullnægjandi. Dæla þurfti vatninu til Hafnar. (Árni Hjartarson og Þórólfur H. Hafstað 1977, Árni Hjartarson o.fl. 1981).


## Vestmannaeyjar

Skortur á góðu neysluvatni var eitt af mestu vandamálum Vestmannaeyinga frá upphafi byggðar þar. Eftir að þéttbýli reis fengu menn mest af neysluvatninu af þökum húsa (mynd 11). Í fiskiðjuverum var allur fiskur hreinsaður með klórblönduðum sjó. Neysluvatnsskortur var oft tilfinnanlegur. Árið 1966 var lögð vatnsvæta úr landi. Lind í hlðinni fyrir ofan Syðstumörk undir Eyjafjöllum var virkjuð og lagnir lagðar 22 km á landi og 14 km í sjó. Hámarksafkastageta lagna og dælubúnaðar er 56 l/s. Afköst lindar er 70 l/s. Dæling til Eyja árið 1992 var 1,12 millj. m<sup>3</sup> eða 39 l/s. Það gera 622 l/fb./sólarhr. Vatnssala var 713000 m<sup>3</sup> það ár eða 22,5 l/s. Mismunur er vatn sem fer fram hjá mælum t.d sala til heimabáta en einnig leki og önnur töp. Það eru 13 l/s eða 33%.

Hvergi er betri upplýsingar að hafa um vatnsnotkun á Íslandi en í Vestmannaeyjum. Það stafar af því að þeir verða að sækja allt sitt neysluvatn upp á land og dæla því til eyja um langar og dýrar lagnir. Vatn er því selt eftir mælum til allra nota á eynni. Einnig er selt vatn til báta og

skipa. Heimabátar greiða fast árgjald en aðkomubátar greiða hafnarsjóði eftir mæli.

Sundurliðuð vatnsnotkun í Vestmannaeyjum árið 1992 er sýnd í töflu 6. Taflan gæti gefið tilefni til mikilla bollalegginga um vatnsnotkun í íslenskum sjávarplássum en hér verður ekki farið nánar út í þá sílma. Þess ber þó að geta að þegar menn bera saman Vestmannaeyjar og aðra staði að vatnssalan veldur mun meiri vatnssparnaði en annars staðar tfökast (sjá mynd 2). Einnig má minna á það að Hitaveita Vestmannaeyja notar kalt vatn og verður því ekki til þeirra vatnadráginda sem flestar aðrar hitaveitir eru. (Ólafur Guðnason, munnl. uppl., Sigurjón I. Ingólfsson, fax).



**Mynd 11.** Vatnsöflun af húspaki. Algengasta vatnsöflunaraðferð í Vestmannaeyjum og viða suður með sjó áður en vatnsveitur komu var að safna regnvatni af þökum. Pakrennuvatni var veitt í eitt niðurfall sem tengdist vatnsþró sem oft var staðsett undir tröppum. Úr vatnsþró lá rör að dælu (handdælu) t.d. í þvottahúsi og þaðan var dælt í vatnsgeymi á hálofti. Frá geyminum voru lagnir að eldhúsvaski og öðrum stöðum þar sem vatn var notað.

(Teikning frá Vatnsveitu Suðurnesja 1992).

**Tafla 6.** Sundurliðuð vatnsnotkun í Vestmannaeyjum árið 1992.  
Heimild: Gogn Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Notandi	m <sup>3</sup>	l/s
Heimili	225	
Fiskfrysting	244	
Saltfisk- og skreiðarframleiðsla	62	
Fiskmjöls-, sildarmjöls- og loðnuverksmiðjur	62	
Fiskveiðar	32	
Sundlaugar og fpróttahús	18	
Hitaveitur	13	
Sjúkrahús, elliheimili og vistheimili	11	
Smásöluverslun	8	
Samgöngur	6	
Niðurlagningarverksmiðjur	4	
Gististaðir	4	
Veitingastaðir	3	
Skólar	2	
Félagsheimili	2	
Skipasmðar	2	
Dagheimili og leikskólar	1	
Brauð- og kökugerð	1	
Alifuglabú	1	
Steinsteypugerð	1	
Póstur og sími	1	
Annað	10	
Heildar vatnsdæling til Eyja	1.121.850	39
Mæld vatnssala	713.000	22

## Selfoss

Undan rótum Ingólfssjalls spretta allmiklar lindir frá Silfurbergi og austur að Fjallstúni. Vatnið er upp runnið í móbergsmýndun Ingólfssjalls en norðlægar sprungur sem skera fjallið á þessum slóðum auðvelda vatninu framrás sína. Aðalvatnsból Vatnsveitu Selfoss við Árbæjarlindir er á þessum slóðum, austanhallt niður undan Djúpadal. Ekki er fullljóst hversu mikið vatn fæst þarna en varlega áætlað eru það um 60 l/s. Vatnshitinn hefur mælst  $3,8^{\circ}\text{C}$ .

Eldra vatnsból Selfoss er í Fossneslind rétt við gömlu vegamótin. Steypt þró er umhverfis lindina og auk þess eru þar borholur. Vatnsbólið er enn í notkun. Þaðan fást um 15 l/s, vatnshitinn hefur mælst  $3,6^{\circ}\text{C}$ . Enn eldra vatnsból var í Hellislind í skriðufæti austan vegamótanna.

Rétt ofan við Hellislind er annað vatnsból sem talið er að skili um 30 l/s. Grafin var safnlögn djúpt í skriðuna og virtist hún hafa náð tölvert meira vatnsmagni en áður sást í mýrinni neðan fjallsróta. Sjálffrennsli er úr öllum vatnsbólunum til bæjarins. Afkastageta vatnsbóla Selfoss er rifflega 100 l/s. Hana má auðveldlega auka með virkjun fleiri lindasvæða við Ingólfssjall. (Pórólfur H. Hafstað og Freysteinn Sigurðsson 1991, Helgi Bjarnason (Ódagsett), Svæðisskipulag 1978-1998).

## Hveragerði

Vatnsból Hveragerðis eru þrjú, Friðarstaðir, Ölfusborggalindir og Hitaveituból.

Aðalvatnsból Hvergerðinga er í landi Friðarstaða í hrauninu innan við Hamarinn. Hraunið á upptök sín á Hellisheiði og er nefnt Hellisheiðarhraun a/b. Í þrengslum nokkru ofan við Reykjafoss hefur Varmá nagað utan úr hraunbrúninni. Þar koma upp lindir. Úr Friðarstaðavatnsbóli er að jafnaði dælt 10-15 l/s. Vatnið er lítillega jarðhitablandað og um  $9^{\circ}\text{C}$ .

Vatnsból hitaveitunnar er í sama hrauni spottakorn innar. Þar koma lindir undan hrauninu sem safnað er í brunn. Það er heldur gjöfulla en Friðarstaðalindir. Vatnshitinn er um  $10^{\circ}\text{C}$ . Vatnið er einkum notað til varmaskipta fyrir hitaveituna. Lindirnar gefa þó meira en hitaveitan þarf og því er dælt úr þeim lit Friðarstaðavatnsbólsins þegar minnst rennsli er þaðan.

Hrafnagilslindirnar eru sunnan við Hrafnagil skammt innan við orlofshúsahverfið í Ölfusborgum. Vatnið kemur úr berggrunni. Jarðhita gæti ekki og er vatnshitinn um  $5^{\circ}\text{C}$ . Lindir þær sem virkjaðar eru gefa um 15 l/s.


Lengi hefur staðið til að leggja Friðarstaðavatnsbólið niður þar sem það fellur illa að hugmyndum um byggðaþróun Hveragerðisbæjar. Boruð hefur verið hola í hraunið norðan undir hamrinum og sumarið 1993 stendur til að taka hana í notkun. (Pórólfur H. Hafstað 1976a, Guðmundur Ómar Friðleifsson o.fl. 1987).

## Þorlákshöfn

Í Þorlákshöfn er allt vatn tekið úr borholum enda er nánast ekkert yfirborðsvatn á þessum slóðum. Aðal vatnsbólið er um kílómetra fyrir vestan þorpið. Þar eru tvær holur sem boraðar voru 1975 í hraunið frá Heiðinni há. Þriðja holan var boruð 1987-8, við Unubakka, nyrst í þorpinu. Djúpdælur eru í öllum holunum og anna þær vatnsþörf staðarins þótt engin miðlunargeymir sé á kerfinu. Afköst vatnsbólanna eru talin yfir 100 l/s en áætluð vatnsþörf Þorlákshafnar er 22 l/s. Meitillinn og Árnes eru með eigin neysluvatnsholur. Eldri vatnsból Þorlákshafnar voru í brunnum við Óseyrarbraut en eftir að mengunar tók að gæta í þeim frá umsvifunum þar í kring voru þau aflögð. (Björn Jóhann Björnsson 1977, Helgi Ólafsson, bæjarverkstjóri, munnl.uppl.)

## Grindavík

Lágar er landspilda milli Arnarseturshrauns og Rauðamels norðan við Grindavík. Af Lágum dregur aðalvatnstökusvæði Hitaveitu Suðurnesja og nafn sitt, Lágasvæði. Svæðið er eitt besta vatnstökusvæði á utanverðum Reykjanesskaga enda aflar Hitaveita Suðurnesja vatns þaðan til upphitunar fyrir Grindavík, Keflavík, Njarðvík og hernámssvæðið á Miðnesheiði. Auk þess selur Hitaveitan Vatnsveitu Grindavíkur og Vatnsveitu Suðurnesja neysluvatn. Lágavæðið er allt þakið nútímhraunum, mest þeirra er Sandfellshæðarhraun sem er dyngjuhraun. Það er sundur skorið af sprungum, gjám og misgengjum. Mest eru misgengin við svonefnda Gjá í Lágum en hún er við suðurjaðar tveggja km langrar sigdældar. Grunnvatnið flýtur ofan á jarðsjó á þessum slóðum. Þykkt ferskvatnslagsins ræðst af eðlisþyngdarmun ferskvatns og sjávar. Fyrir hvern metra sem grunnvatnsborðið er yfir meðal sjávarborði eru rúmir 40 m neðan sjávarmáls. Gjá í Lágum er opin misgengissprunga með vatni í 15 m dýpi. Við ótruflaðar grunnvatnsaðstæður, þ.e. eins og þær voru áður en farið var að dæla, var grunnvatnsborðið í 1,3 m y.s. eða á um 15 m dýpi. Ferskvatnslagið er rúmlega 40 m þykkt og nær niður á um 58 m. Þar tekur við 10-15 m þykkt blandlag þar sem seltan vex örт með dýpi. Á 70 m er komið í fullsaltan jarðsjó.



Mynd 12. Lágasvæði norður af Grindavík.

Ferskvatnsvinnsla úr Lágasvæðinu hófst árið 1976 þegar orkuver Hitaveitu Suðurnesja tók til starfa í Svartsengi. Fljóttlega var farið að selja neysluvatn til Grindavíkur. Árið 1991 var tekin í notkun ný dælustöð Vatnsveitu Suðurnesja steinsnar frá dælustöð hitaveitunnar. Þessi vatnsból fá vatn sitt úr hvorri gjánni. Í gjánum er komið fyrir nokkrum brunnhólkum og hún sfoðan fyllt með möl. Dælur eru í brunnum og brunnhús yfir. Vinnsla úr svæðinu er ákveðnum takmörkunum háð. Vatnsborðslækkun um 1 m þýdir að ferskvatnslinsan þynnist um rúma 40 m og ef of miklu er dælt, á jarðsjór greiða leið inn í vatnsbólin. Til að hindra þetta er miðað við að vatnsborðið lækki ekki meira en 30-40 cm. Áætlað er að hámarksinnsla úr Lágasvæði sé takmörkuð við tæpa 2000 l/s. Vatnsþörf Grindavíkur er um 28 l/s. Gamalt vatnsból Grindavíkur er í Moldarlágum sem eru á hrauninu milli Járngerðastaðahverfis og Þórkötlustaðahverfis. Þar var vatni dælt úr borholum. Vaxandi sjávarmengun vegna ofnýtingar vatnsbólsins varð til þess að það var lagt af. Sömu sögu er að segja um vatnsból við Grindavíkurveg skammt norðan bæjarins (Freysteinn Sigurðsson 1985a og b, Vatnsveita Suðurnesja 1988 og 1992, Þórður Andrésson hjá orkuverinu í Svartsengi, munnl. uppl.).

### Sandgerði

Sandgerði tekur vatn sitt úr þremur holum sem boraðar hafa verið í grágrýtisberggruninn innan bæjarmarkanna. Aðal vatnsinnstreymið í holurnar kemur úr kargalagi á 20-25 m dýpi sem álit-ið er vera á mörkum tveggja grágrýtishrauna. Þykkt ferskvatnslagsins undir Sandgerði er um 30 m. Grunnvatnshitinn er 4-4,5°C. Holurnar nefnast Norðurdæla, Suðurdæla og hola 3 ofan við fótboltavöll. Norðurholan er þeirra langst og er nú einungis höfð til vara. Hola 3 var boruð 1990 og er aðalhola veitunnar. Úr henni er talið óhætt að dæla allt að 39 l/s. Úr holunum er dælt í 22 tonna vatnstank en við hann eru fjórar þrýstdælur sem halda uppi vatnsþrýstingi á kerfinu. Þar er einnig rafstöð. Meðal vatnsþörf staðarins er um 10 l/s eða 630 l/s. Þórlfur H. Hafstað og Lúðvík Georgsson 1990, Þórlfur H. Hafstað og Auður Ingimarsdóttir 1991, Óskar Guðjónsson, bæjarverkstjóri, munnl. uppl.).


### Garður

Garðurinn fær allt sitt vatn með dælingu úr tveimur nýlegum borholum. Aðal vatnsinnstreymið í þær er úr kargalagi milli tveggja grágrýtislaga í berggrunni. Aðstæður eru lókar og í Sandgerði, ferskvatnslagið er þó þykkara eða 40-50 m. Tveir miðlunartankar eru á kerfinu 100 og 600 m<sup>3</sup>. Áður fyrr höfðu frystihús og fiskvinnslustöðvar sínar eigin borholur en þær eru nú flestar eða allar komnar úr notkun. Grunnar neysluvatnsholur eru fjölmargar í Garðinum. Þær elstu eru frá stríðsárunum en alls er vitað um 30-40 holur innan marka hreppsins. Flestar eru þær aflagðar sem vatnsból og margar þeirra ónýtar eða horfnar. (Þórlfur H. Hafstað og Lúðvík Georgsson 1990, Sigurður Jónsson bæjarstjóri, munnl. uppl.).

### Vatnsveita Suðurnesja - Keflavík, Njarðvíkur og Völlurinn

Keflavík, Njarðvíkur og Völlurinn hafa sameiginlegt fyrirtæki, Vatnsveitu Suðurnesja, sem rek-in er af Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi. Hún var vígð í ársbyrjun 1992. Vatninu er dælt úr gjá í hrauninu í Lágum í sama sprungusvæðinu og vatn Grindavíkinga er dælt úr. Aðeins um 100 m eru á milli dælustöðvanna. Vatnafarsaðstæður eru því þær sömu og lýst er í kaflanum um Vatnsveitu Grindavíkur. Dælustöðin er byggð yfir gjá sem fyllt var grjóti og möl eftir að komið hafði verið fyrir í henni fimm stálrörum sem hvert um sig er 18,5 m langt. Þjár dælur sem afkasta 100 l/s hver eru í stöðinni. Vatnsþörf í Keflavík, Njarðvík og á Vellinum var áætluð á bilinu 140-160 l/s. Reiknað var með að ein dæla sé í gangi að staðaldri, önnur hluta úr sólarhring

VATNSVEITA SUÐURNESJA  
YFIRLITSMYND



**Mynd 13.** Vatnsveita Suðurnesja, yfirlitsmynd (Vatnsveita Suðurnesja 1992).

og sú þriðja til vara. Með aukinni vatnsþörf er hægt að bæta dælum við en megininstofnæðin er hönnuð fyrir 400 l/s hámarksrennsli. Aðal miðlunarrými veitunnar er í Grænásgeymi 2000 m<sup>3</sup> (mynd 13). Í Keflavík er 800 m<sup>3</sup> geymir og annar 700 m<sup>3</sup> til vara. Á flugvellinum er einnig verulegt geymarými. Stjórnstöð veitunnar er í Svartsengi (Guðmundur Björnsson 1992).

Meðalrennsli um veituna árið 1992 var 134 l/s. Skiptingin milli staða er þessi:

Keflavík 48 l/s

Völlurinn 43 l/s

Ytri-Njarðvík 34 l/s

Innri-Njarðvík 9 l/s

(Þórður Andrésson hjá orkuverinu í Svartsengi, munnl. uppl.).

Á Suðurnesjum hafa menn frá alda öðli fengið mest allt vatn sitt úr brunnum. Aðferðirnar til að ná upp vatninu breyttust samfara tækníþróuninni. Í stað fötu og bands komu handdælur og síðan kom fyrsti viðir að vatnsveitum þegar rafknúnar dælur voru settar í þessa gömlu brunna og rör lögð í nálæg hús. Upp úr 1940 var farið að bora eftir vatni. Þau vinnubrögð lærðu menn af hernum í heiðinni eins og marga aðra tækni. Boranirnar leiddu í ljós að á þessu "vatnslaus" svæði var gnótt af góðu vatni í jörðu undir fótum manna. Þar með hófst nýr kafli í vatnsöflunar-sögu þessara byggða. Upphaflega voru vatnsbólin utan byggðanna en með úþenslu þeirra lento þau inn í sbúðar- og iðnaðarhverfum. Árið 1985 varð vart við efnamengun í vatnsbólum bandaríkska setuliðsins. Rannsóknir að forgöngu Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja í framhaldi af því leiddu í ljós viðtæka mengun á grunnvatni á flugvallarsvæðinu, og í vatnsbólum Keflavíkur og Njarðvíkur (Snorri P. Snorrason 1991, Magnús H. Guðjónsson 1992). Mengunin var af ýmsum toga m.a. mældust TCE (trískloréthýlen) og PCE (tetrakloréthýlen) í vatninu. Þetta eru lífræn leysiefni sem notuð eru í ýmsum hreinsivökum en úti í náttúrunni geta þau verið hinir mestu skaðvaldar. Samkvæmt evrópskum heilbrigðisstöðlum er leyfilegt hámark TCE í neysluvatni 5 ppb (parts per billion). Leyfilegt hámark PCE er 0 ppb, með öðrum orðum má ekki finnast vott-

ur af því í vatninu enda er um stórhættulegt eiturefni að ræða. Auk þessarar mengunar er útbreidd nástratmengun sem stafar frá afísingarefnum sem úðað hefur verið yfir flugbrautirnar í áraraðir. Einnig er olsumengun á afmörkuðum svæðum, t.d. fóru um 80.000 l/s af hráolsu í jarðveg og grunnvatn á mörkum Njarðvíkur og Keflavíkur árið 1987. Þetta olsuslys var dropinn sem fyllti mælinn en í heild er hér um að ræða stórfelldstu grunnvatnsmengun á Íslandi. Menn brugðust hart við með Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja í broddi fylkingar, ráðist var í nýja vatnsveitu og vatnsbólin lögð af (Vatnsveita Suðurnesja 1992, Árni Hjartarson 1992b).

### Hafnarfjörður

Í Kaldárbotnum fyrir ofan Hafnarfjörð er mikið lindasvæði. Lindirnar tengjast sprungum í Krísvíkursprungusveimnum, sama sveim og Gvendarbrunnar við Elliðavatn. Lindirnar koma upp í litlu stöðuvatni í sigdæld á sprungusveimnum. Vatnsborði þess er halddið uppi af stflu. Kaldá fellur úr vatninu og um kflómetars veg um hraunin þar vestur af uns hún hverfur í jörd á ný. Vatnið birtist svo á aftur í fjörulindunum í Straumsvík (Freysteinn Sigurðsson 1976).

Vatnið er tekið úr lindum og úr borholum sem sjálfreynsli er úr. Fjölmargar borholur eru á svæðinu umhverfis Kaldárbotna og í þeim er fylgst með stöðu grunnvatnsborðs og öðrum þáttum. Dýpsta holan er um 900 m djúp. Mælingar í henni gefa til kynna að kalt grunnvatn eigi greiða leið um sprungur mörg hundruð metra í jörd niður á þessum slóðum.

Hönnunarstærð vatnsveitunnar er 170 l/s sem fást með sjálfreynsli niður í bæ. Dæla þarf til hæstu hverfa. Afkastageta vatnsbóls er talin vera a.m.k 450 l/s. Engir miðlunartankar eru á veitunni því vatnsbólið sjálft hefur umtalsvert miðlunarrými. Heildarvatnsþörf er nú 140-145 l/s og hefur farið minnkandi undanfarin á vegna skipulagðrar lekaleitar og viðgerða.

Álverið í Straumsvík er stórnottandi á vatn. Það rekur sín eigin vatnsból sem eru í borholum í hrauninu suðaustur af verksmiðjunni. Þar eru fimm holur með dælum sem anna 60 l/s hver. Þegar verksmiðjan er rekin með fullum afköstum eru dælurnar einnig keyrðar á fullu því vatnsþörfin er hátt í 300 l/s. Afkastageta vatnsbólsins sjálfs er tölvert meiri því mikill grunnvatnsstraumur flæðir í átt til strandar á þessum slóðum.

Gamalt vatnsból Hafnfirðinga var í Lækjarbotnum upp með Búrfellshrauni innan við Setberg. Þar var ein af fyrstu vatnsveitum landsins tekin í notkun 1904. All miklar rennslissveiflur eru í lindunum og á tímabili bar tölvert á vatnsskorti til vatnsveitunnar. Þá var brugðið á það rāð að gera vatnsstokk frá Kaldárbotnum og veita vatni ofan í Gráhelluhraun hjá Sléttuhlið. (Hraunið er hluti af Búrfellshrauni). Vatnið kom svo fram á ný nokkrum kflómetrum neðar í Lækjarbotnalindum. Þá var vatnsskortur úr sögunni um hrif. Síðar stigu Hafnfirðingar skrefið til fulls og fluttu vatnsbólið í Kaldárbotna. (Björn Árnason, bæjarverkfraðingur, munnl. uppl. Sveinbjörn Sigurðsson hjá Álverinu, munnl uppl., Stuðull 1988, Dagur Jónsson 1986, 1993).

### Garðabær, Álfanes

Vatnsveita Garðabæjar tekur vatn úr tveimur borholum, VSV-2 og VSV-3, í Dýjakrókum við Vífilsstaðavatn austanvert. Þar koma upp allmiklir lindalækir sem falla til vatnsins. Vatnið kemur úr grágrýti og móbergi en uppkoma þess virðist tengjast sprungum í berggrunnum. Vatninu er dælt frá borholunum í miðlunartank upp í Vífilsstaðahlíð. Vatnsveitan þjónar einnig Álfanes-hreppi. Vatnsþörf veitunnar er um 40 l/s en afköst vatnsbólsins eru a.m.k. 50 l/s (Eirskur Bjarnason, bæjarverkfraðingur, Garðabær, munnl. uppl.).

Tafla 7. Vatnsveitur með yfir 100 manns á kerfinu.

